



FRÍTT

# FRÉTTABLAÐID

29. ágúst 2006 — 231. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

## PRIÐJUDAGUR

## Leitað að nöktu fólkis

Sara Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Reykjavík Casting, leitar að 400 aukaleikurum til að leika hálfnaktir í auglýsingu fyrir nyja línu af húvörum.

FÓLK 39

## Sigurvegari á Emmy-hátiðinni

Íslandsvinurinn Kiefer Sutherland var sigursæll á Emmy-verðlauna-hátiðinni. The Girl in the Cafe kom einnig mikið við sôgu en hún gerist að mestu leyti á Íslandi.



FÓLK 38

## Stærsta verk sinnar tegundar sem komið hefur út

Stafsetningaráðabókin kemur út hjá forlaginu JPV í dag. Ari Páll Kristinsson, forstöðumaður Íslenskrar málstoðvar, ræðir um tildögum þessa tímamótværks og framtíð þess.


MENNING 34

## Eiður tryggði sigurinn


Eiður Smári Guðjohnsen nýtti tækifærið vel er hann kom inn á sem varaþáður í leik Barcelona og Celta Vigo í spænsku úrvalseildinni í gærkvöldi og tryggði Börsungum sigur með marki undir lok leiksins. Var þetta fyrsta mark Eiðs í spænsku deildinni.

ÍPRTTIR 43

## VEDRIÐ Í DAG



**SVALUR AF NORÐRI** í dag verður yfirleitt fremur stíf norðanátt. Rigning eða skúrir norðaustan og austan til í dag og einnig vestan til Á Norðurlandi í kvöld en bjart með köflum syðra. Hiti 5-13 stig, hlýjast sunnan til.



## Ríkið vill viðurkenningu á bótaskyldu olíufélaganna

Íslenska ríkið hefur óskað eftir frekari upplýsingum í tengslum við málsókn á hendur olíufélögunum vegna verðsamráðs á árunum 1993 til 2001. Ekki liggur fyrir hversu há krafa íslenska ríkisins verður.

**DÓMSMÁL** Íslenska ríkið hefur óskað eftir viðurkenningu á bótaskyldu í tengslum við undirbúnning málsóknar á hendur olíufélögunum vegna verðsamráðs á árunum 1993 til 2001. Þetta staðfesti Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hæstaréttarlögmaður í gær en hann sendi bréf bessi efnis til lögmannna olíufélaganna fyrr í mánuðinum. „Á þessu stigi málsins eru ekki nefndar neinir tölur í þessu samhengi heldur aðeins óskað eftir viðurkenningu á bótaskyldu og frekari upplýsingum um málið,“ sagði Vilhjálmur.

Samkeppniseftirlitið gerði húslit í höfuðstöðvum olíufélaganna 18. desember 2001. Tæplega premur árum síðar var úrskurð að að olíufélöginn skyldu greiða sektir upp á 2,6 milljarða króna. Afrýjunarnefnd samkeppnismála ákvæð 29. janúar 2005 að lækka sektirnar niður í 1,5 milljarða en mestu munaði þar um 650 milljóna króna lækkun á sektum Skeljungs.

Búast má við því að krafa íslensins nemi hundruðum milljóna króna en stærstu einstöku olíu-

kaupendur innan rekstrareininga ríkisins á árunum 1993 til 2001 voru Landhelgisgæslan, Vega-gerðin og lögreglan.

Unnið var að samantekt á gögnum um öll kaup ríkisins á ólínus á umræddum tíma innan samgönguráðuneytisins og dóms- og kirkjumálaráðuneytisins. Eftir að þeirri vinnu lauk var ákveðið að óska eftir viðurkenningu á bótaskyldu vegna verðsamráðsins.

Krafa Reykjavíkurborgar vegna verðsamráðs olíufélaganna

hljóðar upp á tæplega 150 milljónir en fyrirtöku málsins hefur verið frestað um óákevðinn tíma þar sem sækjandi og verjandi í málinu báðu í gær um lengri frest til þess að afla gagna í málinu. Rannsókn efnahagsbrotadeildar Ríkislöggreglustjóra lauk í nóvember á síðasta ári og var málinu þá komið til Ríkissaksóknara. Innan embættisins hefur Helgi Magnús Gunnarsson lögmaður unnið að ákærumeðferð málsins en vonast er til þess að henni ljúki í októberlok.

- mh

Kjósendar B- og D-lista:

## Meirihluti vill sömu stjórni

**SKODANAKÖNNUN** Ef litið er til þess hvaða stjórnálflokk fólk myndi kjósa nú segist meirihluti stuðningsfólks Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokk vilja áframhaldandi stjórnarsamstarf þessara tveggja flokka.

Meirihluti kjósenda Samfylkingar og Vinstri grænna segist vilja sjá samstarf þessara tveggja flokka eftir kosningar, ýmist í tveggja flokka samstarfi eða með Frjálslynda floknum. Langstærstur hluti óákevðinna á sér ekki óskaríkistjórn eftir næstu kosningar, en af þeim sem hafa myndað sér skoðun vill rúmur fjórðungur áframhaldandi samstarf ríkisstjórnarflokanna.

- ss / sjá síðu 18



Á SLYSSТАÐ Brak úr bílum dreifðist viða um svæðið og þurfti að klippa stúlkuna úr honum. Átta hafa láttist í umferðarslysum í þessum mánuði.

MYND/GUNNAR GUNNARSSON

Banaslys á árinu eru nítján eftir árekstur sorpbíls og fólksbíls nálægt Egilsstöðum:

## Nítján ára stúlka lést í bílslysi

**SLYS** Nítján ára gömul stúlka lést í bílslysi síðdegis í gær skammt utan Seyðisfjardarafleggjara nálægt Egilsstöðum. Að sögn Óskars Bjartmarz, yfirlöggreglubjóns á Egilsstöðum, ók stúlkun fólksbíl sem hafnaði á fullri ferð framan á sorpbíl sem kom úr gagnstæðri átt.

Klippa þurfti stúlkuna úr

bílum eftir slysið. Að því loknu var hún flutt á sjúkrahúsið á Egilsstöðum. Hún lést af völdum áverka sinna. Kona sem ók sorpbílum slapp ómeidd.

Þegar blaðið fór í printun lá ekki fyrir hver tildögur slyssins voru. Fólksbíllinn sem stúlkun ók er gjörónýtur og talsvert sá á framhlið sorpbílsins.

Vegna slyssins var Eiðavegur lokaður við bæinn Fossgerði í á fjórða tíma um kvöldmatarleytið og var umferð beint um Hróarstungu yfir Lagarfoss-virkjun.

Stúlkan er nítjanda manneskjan sem lætur lifið í umferðinni á árinu, og sú áttunda í ágústmánuði.

- sh

Spennan eykst hjá Magna:  
**Var blóðgaður af Dilönu**

**SIÐNVARP** Ævintýri Magna Ásgeirssonar heldur áfram í kvöld í raunveruleikabættinum Rock Star: Supernova en þá syngur hann Live-lagið I Alone.

Magni var blóðgaður í raunveruleikabættinum af keppinaut sínum Dilönu þegar hún missti stjórn á skapi sínu en söngvarinn frá Borgarfirði eystri vill sem minnst úr atvikinu gera. Í samtíð við Fréttablaðið kveðst hann vera bjartsýnn á framhaldid þrát fyrir að hafa verið meðal þriggja neðstu undanfarnar tvær vikur.

- fgg / sjá síðu 46



MAGNI Fékk sár á höfuðið þegar einn keppendanna missti stjórn á skapi sínu.



## SPURNING DAGSINS

**Guðjón, hefur einhver þuklað á þér nýlega?**

„Mér brá mjög þegar ég heyrði að þetta stæði til, en mér hefur blessunareiga tekist að halda öllum þuklum frá mér undanfarið.“

Meistaramót í hrútaþukli fór fram á Ströndum á dögum og kepptu fimmtíu keppendur í tveimur flokkum. Guðjón Davíð Karlsson leikari er í hrútsmerkinu.

Banaslys í Reykjavík: **Nafn konunnar sem lést**



Konan sem lést er hún varð fyrir bíl á Faxabraut í Reykjavík á fyrradag hétt Bryndís Zophoníasdóttir.

Bryndís var til heimilisaðvalarheimili aldraðra að Hlívangi í Keflavík.

Hún fæddist 4. september 1931 og var því 74 ára þegar hún lést. Hún lætur eftir sig einn son.

Vinnuslys á Álfnesi:

**Nafn mannsins sem lést**



Maðurinn sem lést í vinnusysi á Álfnesi á laugardag hétt Jens Willy Ísleifsson, til heimilis að Frostafold 22 í Grafarvogi.

Hann var fæddur 25. nóvember 1959 og var því 46 ára þegar hann lést.

Jens Willy var ókvæntur og barnslaus.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Reyndi að frelsa félaga sinn** Tveir menn gisti fangageymslur lögreglunnar á lsafirði á sunnudagskvöldið eftir útstöður í miðbæ bærarins. Annar manna lenti í átökum við þriðja mannum og skarst lögreglu í leikinn. Lögregla handtökk mennina og gerði félagi annars þeirra sér þá lítið fyrir og reyndi að frelsa vin sinn úr haldi lögreglu. Hann var þá handtekkinn í kjölfarið og var færður í fangageymslur ásamt félaga sínum.

Sautján ára piltur tekinn í Leifsstöð með hundrað grömm af kókaíni:

# Faldi kókaín í endabarmi

**LÖGREGLUMÁL** Sautján ára piltur var handtekkinn í Leifsstöð við komuna til landsins frá Amsterdam seinnipartinn í fyrradag, með um hundrað grömm af kókaíni innvortis.

Tollgæslan á Keflavíkurflugvelli stöðvaði piltinn við reglubundið eftirlit og vöknudu grunnsemdir. Hann var sendur í röntgenmyndatoku og reyndist hafa komið efninu fyrir í endabarmi. Efninu var tryggilega pakkað í umbúðir.

Ferðafélagið piltsins var einnig handtekkinn við komuna. Þeir voru báðir færðir til yfirheyrlu en engin fíkniefni fundust á ferðafé-

laganum. Að sögn lögreglu hefur pilturinn ekki áður komist í kast við lögin. Í málum sem bessu, þegar lögbrjótur er undir átján ára aldri, er haft samband við barnaverndaryfirvöld. Pilturinn má þó eiga von á því að réttarð verði yfir honum sem fullorðnum.

Tollgæslan á Keflavíkurflugvelli hefur lagt halt á mun meira kókaín það sem af er árinu en allt árið í fyrra. Alls hefur tollgæslan lagt halt á um fimm kiló af kókaín í ár miðað við áttu hundruð grömm í fyrra. Þá hefur tollgæslan lagt halt á um fjögur kiló af amfetamíni, en það er svipað magn og allt árið 2005.



**FLUGSTÖÐ LEIFS EIRÍKSSONAR** Haft var samband við barnaverndaryfirvöld eftir að sautján ára piltur var tekinn í Leifssstöð með hundrað grömm af kókaíni innvortis.

- æpe

Krónan setur strik í reikninginn:

## Mettap hjá Landsvirkjun

**VÍÐSKIPTI** Landsvirkjun tapaði 6,5 milljörðum króna á fyrstu sex mánuðum ársins. Á sama tíma í fyrra hagnaðist fyrirtækið um two milljarða.

Tap fyrirtækisins skýrist af veikingu krónunnar. Stóri hluti langtímaskulda þess eru í erlendri mynt og nam gengistap 24,9 milljörðum króna. Tap fyrir skatta nam tæpum 23 milljörðum, 25 milljörðum króna verri afkoma en fyrir ári. Landsvirkjun greiðir á árinu í fyrsta skipti skatt af starfsemi sinni. Rekstrrarhagnaður fyrir afskriftir nam 4,65 milljörðum en handbært fé frá rekstri tæpum 5,6 milljörðum króna.

- óká/jab

# Kærður fyrir að rifbeinsbrjóta fatafellu

Fatafella á Bóhem hefur kært Viðar Má Friðfinnsson, framkvæmdastjóra staðarins, fyrir að ganga í skrokk á sér eftir lokun aðfaranótt föstudags. Hún segist hafa rifbeinsbrotnað og marist illa eftir högg og spörk Viðars Más.



**BÓHEM** Framkvæmdastjóri nektardansstaðarins Bóhem, Viðar Már Friðfinnsson, hefur verið kærður fyrir líkamsáras. Hann var áður dyravörður á nektardansstaðnum Goldfinger.

FRÉTTABLAÐID/VILHELM

reyna að koma á sig höggi með upplögnum lýsingum af atburðinum. „Ég þurfti að halda konunni vegna þess að hún sló mig og létt öllum illum lárum. Ég sleppti henni þegar hún reyndi að sparka aftur fyrir sig í klofið á mér, í háhæluðum skómu,“ sagði Viðar Már og lagði áherslu á að konan væri augljóslega að reyna að

sér niðri á honum. „Eftir að hún gaf mér á kjaftinn ákvað ég að koma henni út úr húsini. Hún lýgur því að ég hafi slegið hana og beitt hana ofbeldi. Það er hugsanlegt að hún hafi meitt sig lítillega þegar hún lenti eftir að ég sleppti henni, en ég gat ekki heldið henni. Það var bara ekki hægt,“ sagði Viðar Már. magnush@frettabladid.is



**MARIA ESTHER DE CAPOVILLA** Sést hér á heimili sínu í desember sl. með mynd af eiginmanninum, sem dó árið 1949.

116 ára kona frá Ekvador lést:

## Elsta kona heims fallin frá

**EKVADOR, AP** Maria Esther de Capovilla, elsta kona heims, andadist á heimili sínu í Ekvador á sunnudag, á 117. aldursári. Barnabarn hennar greindi frá þessu í gær.

De Capovilla fæddist 14. september 1889, sama ár og Adolf Hitler og Charlie Chaplin. Hún var komin af hástéttarfólk í Ekvador sem rakti ættir sínar til spænsks aðals. Hún giftist árið 1917 og varð ekkja árið 1949.

Að henni genginn mun Elizabeth Bolden í Memphis í Tennessee í Bandaríkjunum vera kvenna elst. „Hún er 116 ára, ellefu mánuðum yngri en Capovilla,“ segir Robert Young hjá Heimsmetabók Guinness. Emiliano Mercado del Toro í Púertó Ríkó er elsti karlmaður í heimi. Hann varð 115 ára fyrir viku.

- aa

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Brutust inn í bil** Tveir góðukunningar lögreglunnar voru gripnir glöðvolgir eftir að hafa brotið bílruð til að komast inn í bil í austurhluta Reykjavíkur aðfaranótt móndugars. Þeir voru handteknir og gisti fangageymslur lögreglunnar.

## DANMÖRK

**Banvæn elding** Sautján ára danskur piltur dó í gær í kjölfar áverka sem hann hlaut er eldingu laust niður þar sem hann var að leika knattspyrnu fyrir liðsitt, Ulfborg á Jótlandi, á laugardaginn. Nið aðrir leikmenn hlutu brunasár. Mörgum leikjum var aflyst í Danmörku um helgina vegna þrumuveðurs.

21 særðist í strætisvagnasprengju og þrennt lést í sprengju við veitingahús:

# Um 300 Íslendingar á svæðinu


**TYRKLAND** Prennt lést og fjöldi særðist í sprengju sem sprakk við veitingastaði í ferðamannaþænum Antalyu í Tyrklandi í gær. Dagi áður særðist 21 í sprengjutilræði í strætisvagni í ferðamannabænum Marmaris. Einnig voru tvær ruslatunnur í bænum sprengdar og sex særðust þegar fjarstýrð sprengja sprakk nálægt skrifstofu ríkisstjóra í Istanbul.

Atli Már Gylfason var staddur á Fidam-hótelinu í Marmaris og bauð hann út að svalri þegar hann heyrði strætisvagninn springa.

„Ég hljóp svo niður til að sjá þetta betur og sá að strætisvagninn sprakk svona 150 metra frá

hótelinu,“ sagði Atli Már. „Það var mikil ringulreið og geðs- hræring og búið að girða svæðið af. Ég sá fólk með höfuðáverka, en lögreglan reyndi að halda fólk og fjölmöldum frá svæðinu. Strætisvagninn var frekar illa farinn, allar rúður í honum farnar, en hann var ekki gjörónýtur. Þetta er strætó sem túristarnir hafa notað og ég hef ferðast með honum.“

Um þrjú hundruð Íslendingar eru á svæðinu og á hótelum í nærliggjandi bæjum. Tíu breskir ferðamenn og ellefu Tyrkir særðust í sprengingunni. Enginn hefur lýst árásunum á hendur sér. - sgj



**SPRENGINGIN Í ISTANBÚL** Sex mans særðust í sprengjanni nálægt ríkisstjóra-skrifstofunni í Istanbul.

FRÉTTABLAÐID/AP

## BÍLL DAGSINS

### SUBARU OUTBACK 3.0 H6

Nýskr. 09.04 - Sjálfskiptur - Ekinn 17 þús. - Allt að 100% lán.



Ingvar Helgason

NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00 -18:00. Sími: 525 8020.

# ÚTSALA ALVÖRU

Komdu og skoðaðu úrvalið.  
Nýir bílar alltaf að bætast við.

Allt að 100% lán á aðeins 3,9%\* vöxtum og ekkert lántökugjald.

DÆMI UM BÍLA Á ÚTSÖLU



DAEWOO TACUMA, verð áður kr. 1050 þús.

RENAULT CLIO, verð áður kr. 990 þús.

Síðustu forvöð. Alvöru Bílalandsútsölunni lýkur í dag.  
Komdu og gerðu frábær kaup. Opið til klukkan 18.

Alvöru útsala er einnig hjá B&L Selfossi, s. 575 1460,  
Bilási, Akranesi, s. 431 2622 og Bílasölu Akureyrar, s. 461 2533.

575 1230

\*Birt með lynvara um verðbreytingar og aðstættavilur. Ath. að vaxtagreiðslur taka mið af gengisþrun CHF og JPY (þjónu 50/50 hufnalli).

## SÍÐASTI DAGUR!

bíla B&L  
land  
notanda bílar

Grjóthálsi 1  
bilaland.is

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 00.0.2006

## KAUP SALA

Bandaríkjadalur	69,71	70,05
Sterlingspund	132,12	132,76
Evra	89,31	89,81
Dönsk króna	11,971	12,041
Norsk króna	11,105	11,171
Sænsk króna	9,653	9,709
Japansk jen	0,5958	0,5992
SDR	103,53	104,15

Gengisvíðitala krónunnar  
123,3483

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Forsetakjör í Eistlandi:

Ergma skorti  
þrjú atkvæði

**EISTLAND, AP** Ene Ergma, forsetaefni borgaralegu flokkanna á Eistlandspingi, skorti þrjú atkvæði í tilskilinn tveggja þriðju hluta meiri hluta í fyrrstu umferð forsetakosninga sem fram fór á þinginu í gær.

Sexti og fimm af 101 þingmanni greiddu henni atkvæði sitt, en 35 sátu hjá. Einn var fjarverandi.

Pingið, Riigikogu, verður nú að koma aftur saman í dag, þriðjudag, til að greiða atkvæði um næsta framþjóðanda, Toomas Hendrik Ilves. Líklegast þykir þó að hann nái heldur ekki kjöri þar sem tveir vinstriflokkar vilja helst að sitjandi forseti, Arnold Rüütel, sitji áfram. - aa

Kona slasaðist talsvert:

Ók á handrið  
og valt út í á

**LÖGREGLA** Kona slasaðist töluvert þegar hún ók bíl sínum á brúarhandrið og velti honum ofan í Djúpadalsá í Breiðdal síðdegis í gær. Vegfarandi sem kom að slysinu hafði samband við neyðarlínuna og tókst að bjarga konunni úr bílnum.

Lögreglan á Fáskrúðsfirði fór á vettvang og var konan flutt á sjúkrahúsíð á Egilsstöðum með sjúkrabíl frá Breiðdalsvík. Konan var svo send með sjúkraflugi á Landspítalann í Fossvogi til frekari rannsókna. Samkvæmt upplýsingum löggreglu mun bíllinn vera gjörónýtur. - sh

Hitabeltisstormurinn Ernesto varð einni konu að bana á Haítí:

## Neyðarástandi lýst í Flóríða

**BANDARÍKIN, KÚBA, AP** Neyðarástandi hefur verið lýst yfir í Flóríða í Bandaríkjunum vegna hitabeltisstormsins Ernesto, sem mun líklega ná þangað síðdegis í dag.

Ernesto gekk yfir Haítí og Kúbu á sunnudag og lést ein kona á Haítí þegar veðurofsins náði styrk fellibyls í um tíu tíma, en svo sljákkarði aftur í honum. Þó er talið líklegt að honum vaxi fiskur um hrygg áður en hann nær ströndum Flóríða.

Engar fregnir bárust frá Kúbu af skemmdum eða slysum á fólk enda lætur ríkisstjórnin þar oft rýma landsvæði áður en stormar ganga yfir til að koma í veg fyrir slys.

Ríkisstjóri Flóríða, Jeb Bush, bað ferðamenn um að fresta ferðum sínum til Key West eyjanna og skipaði þeim sem þar eru staddir að fara heim. Jafnframt aflysti hann ferð sinni til New York í gær vegna hættuástandsins.

Starfsmenn NASA í Flóríða hættu í gær við að skjóta geimfarinu Atlantis út í geim vegna Ernesto, en það átti að gerast í dag. Jafnframt hófu þeir að flytja Atlantis í öruggt skjól innan dyra og taka flutningarnir two daga. - smk

**GEIMFAR FÆRT** Verið er að fára geimfarið Atlantis inn fyrir hússins dyr vegna hitabeltisstormsins Ernesto. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



## Nýja áhættumatið er sagt tryggja öryggi virkjunar

Nýtt áhættumat vegna Kárahnjúkavirkjunar var samþykkt af stjórn Landsvirkjunars. Í matinu kemur fram að fyllsta öryggis sé gætt. Steinunn Valdís segir andrúmsloftið innan stjórnarinnar þrunið spennu.

**VIRKJANIR** Samkvæmt nýju áhættumati vegna Kárahnjúkavirkjunar getur enginn einn atburður valdið stíflurofi, heldur verði að koma til „röð ólíklegra atburða sem allir hafi langan aðdraganda“, eins og segir orðrétt í nýju áhættumati sem fjallað var um að stjórnarfundi Landsvirkjunars í gær. Á fundinum samþykkti stjórnin bókun þar sem segir meðal annars að það sé mat sérfræðinga að fyllsta öryggis sé gætt í hönnun og byggingu mannvirkjanna.

Endurskoðað áhættumat var lagt fram á fundinum en það staðfestir fyrra áhættumat vegna framkvæmdanna, að mati stjórnarinnar. Í áhættumatinu kemur fram að ekkert bendi til þess að stíflan sé örugg. Bókun Arnfríðar Ingadóttur, um að óháð nefnd kynnti sér framkvæmdirnar og færði yfir endurskoðað áhættumat, hlaut ekki stuðning innan stjórnarinnar.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir, sem sat í gær sinn fyrsta stjórnarinnar

fund í Landsvirkjun, sat hjá þegar atkvæðagreiðsla vegna bókunarinnar fór fram. „Afstaða míni byggði á tvennu. Í fyrsta lagi fannst mér mjög sérkennilegt að endurskoðuð áhættumatsskýrla skyldi berast til okkar stjórnarmanna daginn fyrir stjórnarfundinn. Mér fannst það allt of stuttur fyrirvari fyrir mig til þess að geta gert mér grein fyrir efnisatriðum málsins. Í öðru lagi óskandi ég eftir því að það yrði haldinn aukafundur, þess vegna í dag, svo að stjórnarmenn gætu kynnt sér málið aðeins betur og metið það að faglegum forsendum. Það var ekki fallist að það vegna þess að stjórnarmenn töldu það lífsspursmál fyrir Landsvirkjun að samþykkjá áhættumatið á fundinum,“ sagði Steinunn Valdís.

Steinunn Valdís segir andrúmsloftið á stjórnarfundinum hafa verið þrunið spennu. „Ég áttáði mig á því á þessum sex klukktíma langa fundi hversu átakanlegt andrúmsloft er innan stjórnarinnar. Það kom mér



FRÁ STJÓRNARFUNDINUM Í GÆR Jóhannes Geir Sigurgeirsson, stjórnarmaður Landsvirkjunar, Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarfulltrúi, Illugi Gunnarsson, Kristján Pór Júliusson og Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri búa sig undir stjórnarfundinn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Iðnaðarnefnd fundar á morgun:

## Grímur á fund nefndarinnar

Grímur Björnsson jarðeðlisfræðingur fer yfir skýrslu sína um Kárahnjúkavirkjun á fundi iðnaðarnefndar Alþingis á morgun. Í kjölfarið munu fulltrúar Orku-stofnunar, Landsvirkjunar og iðnaðarráðuneytisins fara yfir feril málsins, sem verið hefur til umfjöllunar fjlömiðla síðstuðu daga.

Nýtt áhættumat vegna virkjunarinnar verður einnig kynnt á fundi iðnaðarnefndar en það var rætt í stjórn Landsvirkjunars í gær. Þá mun Sveinbjörn Björnsson professor fara yfir nýlegt mat nokkurra sérfræðinga á öryggi virkjunarinnar. - bps



GRÍMUR BJÖRNSSON  
Jarðeðlisfræðingur.

svoltíð á óvart að menn virðast trúua því að það sé best að fara áfram á hnemanum,“ sagði Steinunn Valdís eftir fundinn.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson, stjórnarmaður Landsvirkjunar, segir áhættumatið ekki gefa tilefni til þess að breyta framkvæmdaferlinu.

„Það er ekkert í matinu sem gefur tilefni til þess að fresta fyllingu Háslóns, en stjórn Vinstrahreyfingarinnar - græns frambóðs, lagði fyrir áskorun þess efnis sem stjórn Landsvirkjunar

BSRB stefnir Snæfellsbæ:


## Kæra uppsagnir starfsmanna

**KERUMÁL** Bandalag starfsmanna ríkis og bæja hefur stefnt Snæfellsbæ vegna uppsagna sex starfsmanna úr starfi við íþróttahús og sundlaugar bæjarins.


BSRB hefur ítrekað bent á að uppsagnirnar standist ekki lög og krafist þess að þær verði dregnar til baka. Starfsmönnum var sagt upp 28. júlí vegna skipulagsbreytinga sem bæjarráð samþykkti að fundi deginum áður, að því er kemur fram í tilkynningu frá BSRB. Þar segir meðal annars að þetta brjóti gegn meðalhóf-reglunni. Ekki hafi verið reynt að breyta störfum eða taka upp viðræður um breytt starfssvið. - sdg

## VEDURSPÁ

um hádegi »



» á morgun



Stif norðanátt á annesum nyrðra og á Vestfjörðum.

» fimmtudagur



3-13 m/s, stifastur norðvestan og vestan til.

Alicante	32°C heiðskirt
Mallorca	27°C heiðskirt
Algarve	30°C heiðskirt
Krít	28°C heiðskirt
Las Palmas	26°C alskýjað

\* Vindhraði er í metrum á sekundú.

# NÝJASTA TÆKNI OG VIÐSKIPTI

Nordica hotel - 8. september 2006

## HAUSTRÁÐSTEFNA ORACLE

### SAMEIGINLEG DAGSKRÁ

- 08:15 Skráning  
08:30 Setning: Þórólfur Árnason  
08:45 Oracle-lausrnir, stefnur og straumar: Peder Welch Nelson  
09:20 Viðskiptagreind, inngangur: Jón Bjarki Gunnarsson  
09:40 Kaffihlé, salur skiptist í tvennt (viðskiptalausnir og grunntækni).

Hin árlega **Haustráðstefna Oracle** verður haldin í samvinnu við EJS föstudaginn 8. september á Nordica hotel í Reykjavík. Þetta er í tólfra skiptið sem ráðstefnan er haldin og verður hún tvískipt að vanda. Annars vegar er fjallað um grunntækni og hins vegar um viðskiptalausnir. Ráðstefnan stendur frá kl. 08.15 til 17.00. Um kvöldið verður glæsileg veisla sem hefst með fordrykk kl. 19.00.

**Skráðu þig á [skyrr.is](#)**

### VIÐSKIPTALAUSNIR

- 10:00–10:25 Innleiðing OEBS hjá Reykjavíkurborg Hallur Páll Jónsson  
10:30–11:00 Reynsla Kaupmannahafnar af pappírlausum viðskiptum Søren Moss  
11:10–12:00 Hvað er nýtt í fjárhagskerfum OEBS í 11.5.10, fyrri hluti Barbara Nicholls  
12:00 Hádegismatur  
13:00–14:00 Hvað er nýtt í fjárhagskerfum OEBS í 11.5.10, seinni hluti Barbara Nicholls  
14:10–14:50 OEBS og viðskiptagreind Michael Plenov  
14:50 Kaffi  
15:10–15:30 XML Publisher, birtind og meðhöndlun mismunandi úttaka Þórir Ólafsson  
15:35–16:00 Ferðauppgjörs- og launaáætlunarkefni, sérmíði við OEBS Helgi Magnússon  
16:05–16:45 Samþykktarferli, skönnun og OCR lausn í OEBS Jón Bjarni Emilsson

### GRUNNTÆKNI

- 10:00–10:50 Oracle XML-gagnagrunnur – Helstu eiginleikar og sýnidæmi Steinarr Ólafsson  
11:00–12:00 Gagnameðhöndlun með Oracle Information Lifecycle Management Kim Estrup  
12:00 Hádegismatur  
13:00–13:50 Gagnameðhöndlun með Oracle Records Database og Oracle Content Database Kim Estrup  
14:00–14:40 Órofið aðgengi að gögnum með Oracle High Availability Kim Estrup  
14:50 Kaffi  
15:00–15:35 Oracle Business Intelligence Suite - Grunnviðir viðskiptagreindar Michael Plenov  
15:40–16:10 Endurnýting kóða og hröð innleiðing með Oracle Application Express (RAD) Ólafur Tryggvason  
16:20–17:00 Birtind viðkvæmra gagna með Oracle Secure Enterprise Search Jóhann Jökulsson

Verð á ráðstefnuna er 27.900 kr. Allt innifalið. Hópar eru vinsamlegast beðnir um að hafa samband við [skyrr@skyrr.is](mailto:skyrr@skyrr.is) til að fá tilboð.





## KJÖRKASSINN

Ert þú flughrædd(ur)?

Já	28%
Nei	72%

### SPURNING DAGSINS Í DAG

Eiga íslensk yfirlövð að beita sér fyrir því að ná Hlynri Smára Sigurðssyni heim úr brasílsku fangelsi?

Segðu þína skoðun á visir.is

visir



**SAMNINGURINN UNDIRRITAÐUR** Finnbogi Björnsson, frá FB Festingu, Sigríður Snæbjörnsdóttir, framkvæmdastjóri Heilbrigðisstofnunarinnar, og Siv Friðleifsdóttir skrifir hér undir verksamningin.

MYND/ELLERT GRÉTARSSON

## Frágangur D-álmu í Keflavík: Skrifað undir verksamning

**HEILBRIGÐISMÁL** Siv Friðleifsdóttir, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, undirritaði í gær morgun verksamning vegna lokafrágangs D-álmu við Heilbrigðisstofnun Suðurnesja.

Samið var við fyrirtækið FB Festingu sem átti lægra tilboðið af tveimur í verkið og hljóðaði það upp á tæpar 80 milljónir króna.

Stefnt er að því að verkinu verði að fullu lokið í apríl eða mái næsta ári.

Tvær skurðstofur og ein minni aðgerðastofa ásamt stöðryðum verða á þriðju hæð álmunnar. Verður þá unnt að gera margvíslegar aðgerðir sem eins og stendur er einungis hægt að framkvæma í Reykjavík.

- sdg

Hagfræðingur telur að fresta eigi stórum framkvæmdum vegna efnahagsástands:

# Ráðlegt er að fresta Sundabraut

**EFNAHAGSMÁL** EKKI ER RÁÐLEGT AÐ hefja framkvæmdir við Sundabraut og mislæg gatnamót Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar fyrr en í fyrsta lagi seitn á næsta ári. Þetta er mat Tryggva Þórs Herbertssonar, forstöðumanns Hagfræðistofnunar.

„Eins og fjölmargir hagfræðingar hafa margítrekað er mjög brýnt að halda að sér höndum með framkvæmdir á meðan penslan er að ganga niður,“ segir Tryggvi. „Ég tel að fresta eigi þessum framkvæmdum ótímabundið og þær komi ekki til fyrr en efnahagsástandið gefur tilfeni til þess.“



**SUNDABRAUT** Formaður samgöngu- og umhverfisráðs borgarinnar segir að vinna eigi verkin eins snemma og hratt og unnt sé.

Tryggvi segir það líklega ekki næsta árs. „Það er sagt að Seðlabankinn komist á verðbólgu-

markmið seitn á næsta ári. Það býðir samt ekki að það sé hægt að byrja framkvæmdir bá vegna þess að það er alls konar ójafnvægi í hagkerfinu sem þarf að lagast áður en hægt er að byrja.“ Þá segir Tryggvi tilkynningar um að framkvæmdir muni hefjast á tilteknunum tíma einnig þensluvaldandi. Þær hafi áhrif á væntingar og valdi því að neysla dragist minna saman en ella.

Gísli Marteinn Baldursson, formaður samgöngu- og umhverfisráðs Reykjavíkur, hefur sagt að vinna eigi þessi verk eins snemma og eins hratt og auðið er.

- sh

# Fíkniefnahundur fann hassið á fangaverðinum

Fíkniefnahundur Tollgæslunnar gaf merki um að eitthvað grunsamlegt væri við afleysingafangavörð á Litla-Hrauni. Fangaverðir fundu umtalsvert magn af hassi á manninum. Prír sitja nú í gæsluvarðhaldi.

**LÖGREGLUMÁL** Fíkniefnahundur Tollgæslunnar gaf merki um að eitthvað væri athugavert við fangavörð á Litla-Hrauni sem var að mæta á vakt á laugardagsmorgun. Aðrir fangaverðir leituðu á manninum og fundu þá pakkningar með umtalsverðu magni af hassi á honum, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins.

Fangavörðurinn sem tekinn var með hassið er um tvítugt og er í sumarafleysingastarfi. Hann var að kvöldi laugardags úrskurðaður í sjö daga gæsluvarðhald. Á sunnudagskvöld voru svo tveir refsifangar á Litla-Hrauni úrskurðaðir í sex daga gæsluvarðhald. Löggreglan í Árnessýslu fer með rannsókn málssins. Hún beinist með annars að því hvort fangavörðurinn hafi verið eins konar burðardýr fyrir gæslufanga á Litla-Hrauni og komið fíkniefnum inn í fangelsið. Mikið hefur verið um fíkniefni á Litla-Hrauni í sumar og um verslunar-mannahelgina var ástandið sér-

lega slæmt, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins.

„Eg get alveg staðfest að ástandið hefur verið mjög slæmt í sumar,“ segir Sigrjón Birgisson, formaður Fangavarðafélagsins og aðstoðarvarðstjóri á Litla-Hrauni. Hann segir aðstöðu fangavarða á Litla-Hrauni, og í fangelsenum landsins yfir höfuð, mjög slæma. Þeir búi við skort á starfsfólk, slæma vinnuðstöðu og yfirfull fangelsi. Því sé erfitt að koma með öllu í veg fyrir að fíkniefni berist þar inn. Þetta sé nauðsynlegt að laga.

„Þegar við getum stoppað þetta innstreymti getum við fyrst farið að vinna með þessum mönnum og gera eitthvað úr þeim,“ segir hann. „Það er mjög erfitt þegar ekki er hægt að einangra þá sem eru í neyslu frá hinum.

Starf fangavarða er gríðarlega erfitt og menn eru undir miklu álagi,“ heldur Sigrjón áfram. „Það þarf betra bakland fyrir þá, bannig að ef þeir lenda í aðstæðum, svo sem hótunum, geti þeir leitað sér einhværrar aðstoðar.



**LITLA-HRAUN** Rannsókn löggreglunar í Árnessýslu á hassmálinu á Litla-Hrauni beinist með annars að því hvort aðstoðarfangavörðurinn hafi verið burðardýr milli fanga og fíkniefnasala.

Það er ekki til staðar í dag.

Við munum setjast yfir það á næstu dögum með fangelsismálastjóra hvernig bæta megi bakland

fangavarða. En þetta umrædda atvik er slæmt í alla staði og áfall fyrir fangavarðastéttina.“

jss@frettabladid.is

**Stökktu til  
Benidorm  
14. eða 21.sept.  
frá kr. 29.990**

**Síðustu sætin**

Verð kr. **29.990** í viku

/ kr. **39.990** í 2 vikur

Netverð á mann, m.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára, í þíbú í 2 vikur, 14. sept. eða 1 eða 2 vikur 21. september.

Verð kr. **39.990** í viku

/ kr. **49.990** í 2 vikur

Netverð á mann, m.v. 2 í herbergi / stúdió / íbú í 2 vikur, 14. sept. eða 1 eða 2 vikur 21. september.

Heimsferðir bjóða ótrúlegt tilboð á síðustu sætunum til Benidorm í 2 vikur 14. sept eða í 1 eða 2 vikur 21. sept. Þú bókar og tryggir þér sæti og 4 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gisti. Gríptu tækifærið og tryggðu þér sumarauka á frábærum kjörum.

  
Skágarhlíð 18 • sími 595 1000 • Akareyri  
sími 461 1099 • www.helmsferdir.is



**BLUE GRASS FLUGVÖLLURINN Í LEXINGTON Í KENTUCKY** Farþegavélin hrapaði í skóglendinu efst á myndinni, eftir að reynt hafði verið að fljúga henni frá stuttu flugbrautinni fyrir miðju myndarinnar.

FRÉTTABLAÐID/AP

Flugslysið í Kentucky veldur heilabrotum:

## Ekki vitað af hverju flugbrautin var notuð

**LEXINGTON, AP** Engin skýring hafði í gær fengist á því hvers vegna farþegavélinni sem fórst í Kentucky í Bandaríkjum síðdegis á sunnudaginn var flogið á loft af annarri flugbraut, sem er 1.066 metrar að lengd, sem dugar hvergi nærrí til þess að vélinn komist á flug.

Aðalflugbraut Blue Grass flugvallarins í Lexington í Kentucky er rúmlega 2.100 metrar að lengd, sem hefði dugað til þess að vélinn komist almennilega á loft þar sem hún þarf ekki nema rúmlega 1.500 metra langa flugbraut. Af einhverjum ástæðum var vélinn flogið á loft af annarri flugbraut, sem er 1.066 metrar að lengd, sem dugar hvergi nærrí til þess að vélinn komist á flug. Flugmaður vélarinnar hefði átt að átt sig á því að hann var ekki réttar braut. Á vellinum eru merki

sem sýna réttu brautina. Lýsing á stuttu brautinni er minni en á þeiri lengri, og yfirborð stuttu brautarnar er bakið sprungum, sem ekki getur talist venjulegt á aðalflugbraut.

Með vélinni fórst 49 manns, allir farþegarnir og öll áhöfnin að undanskildum aðstoðarflugmanni, sem í gær lá lífshættulega slasaður á sjúkrahúsí. Mikið eldsneyti var um borð í vélinni og svo virðist sem eldur sem kvíknaði í vélinni við hrapið hafi valdið dauða flestra þeirra sem fórust.

Lögregluðarinn sem bjargaði aðstoðarflugmanninum, James M. Polehinke, úr flugstjórnarklefnum skömmu eftir hrapaðum vélarnar hlaut brunasár.

Nýtt vandamál í Noregi:

## Rúm keypt fyrir feita sjúklinga

**NOREGUR** Norsk heilbrigðisfyröld hafa undanfarði brugðist við nýju heilbrigðisvandamáli í Noregi með því að sérþanta ný rúm og upp-skurðarbekki. Þetta kemur fram á fréttavef Aftenposten.

Sjúkrahúsin í Arendal og Kristiansand hafa pantað upp-skurðarbekki sem bola 225 kíló og fyrrefnða sjúkrahúsíð hefur jafnframt pantað túv rúm fyrir fólk í yfirvíg, en venjuleg sjúkrahúsíð rúm bala allt að 150 kílógrömm.

Jafnframt verða nýjar börur pantaðar í sjúkrabíla í Arendal. Þær munu bala 225 kíló, sem er staðallinn í Bandaríkjum.

- smk

## LÖGREGLUFRETTIR

**Ferðamaður velti bíl** Erlendur ferðamaður missti stjórn á bílaleigubíl sem hann ók við Tjörn á Vatnsnesi skömmu eftir klukkan fjögur í gær. Maðurinn var einn í bílum, sem valt við óhappið, og slapp ómeiddur. Bíllinn mun vera mikil skemmdur.

## LÍBANON

**Fimmti maðurinn grippin** Libanska lögreglan hefur handtekið fimmta manniinn grunaðan um að hafa komið tveimur spriegjum fyrir í jámbrautarlestum í Pýskalandi í júli. Spriegjurnar sprungu þó ekki áður en þær uppgötvtuðust, líklega vegna galla við samsetningu. Þrír hinna grunuðu voru handteknir í Libanon og tveir í Pýskalandi.

# BYRJAÐU SKÓLAÁRIÐ

## Á BÍL SEM BRILLERAÐI

## Á ÖLLUM PRÓFUM

Nú standa yfir tilboðsdagar hjá Toyota - Betri Notuðum Bílum, þar sem fjölmargir bílar eru í boði á afbragðsgóðum kjörum. Við bjóðum námsmönnum, sem og öðrum viðskiptavinum, að sjálfsögðu aðeins bíla sem hafa staðist gæðamat og uppfylla kröfur okkar um öryggi og endingu.



**Nissan Primera (Úrvalsbill)** sjsk, bensín  
Á götuna: 06.04 Ekinn: 50.000 km  
Verð: 1.450.000 kr. Skr.nr. DE080



**Honda** 5 gíra, bensín  
Á götuna: 03.99 Ekinn: 135.000 km  
Verð: 730.000 kr. Skr.nr. OO126



**Fiat Palio Weekend** 5 gíra, bensín  
Á götuna: 10.99 Ekinn: 70.000 km  
Verð: 530.000 kr. Skr.nr. MT559



**Mazda 323 H/B** 5 gíra, bensín  
Á götuna: 06.01 Ekinn: 85.000 km  
Verð: 860.000 kr. Skr.nr. SY407



**Hyundai Coupe** 5 gíra, bensín  
Á götuna: 09.03 Ekinn: 25.000 km  
Verð: 1.300.000 kr. Skr.nr. KM831



**VW Golf (Gaeðabill)** sjsk, bensín  
Á götuna: 10.02 Ekinn: 80.000 km  
Verð: 1.130.000 kr. Skr.nr. NN420



**Renault Mégane H/B** 5 gíra, bensín  
Á götuna: 11.00 Ekinn: 70.000 km  
Verð: 730.000 kr. Skr.nr. OT561



**Toyota Avensis (Gaeðabill)** 5 gíra, bensín  
Á götuna: 06.99 Ekinn: 140.000 km  
Verð: 710.000 kr. Skr.nr. OM283



**Toyota Avensis** 5 gíra, bensín  
Á götuna: 02.02 Ekinn: 70.000 km  
Verð: 1.360.000 kr. Skr.nr. JT356



**Volvo V40 W/G** 5 gíra, bensín  
Á götuna: 05.99 Ekinn: 116.000 km  
Verð: 890.000 kr. Skr.nr. UA284



**Subaru Impreza W/G GL 4WD**  
5 gíra, bensín Á götuna: 07.00  
Ekinn: 125.000 km Verð: 670.000 kr.  
Skr.nr. TX877



**Suzuki Wagon W/G R+** 5 gíra, bensín  
Á götuna: 03.01 Ekinn: 60.000 km  
Verð: 630.000 kr. Skr.nr. OM283

Komdu og kynntu þér sértílboð okkar sem fela í sér meðal annars:

- Vetrardekk frá Sólningu, umfelguð og ásett
- 90% láns hlutfall og lengri lánstíma
- Lægri vexti og allt að 50% afslátt af lántökugjöldum, í boði Glitnis

#### BNB-sölugreining

Bílarnir ganga í gegnum strangt gæðamat sem tekur mið af aldry, akstri og viðhaldssögu bílsins. Þeir sem standast kröfurnar lenda annað hvort í floknum Úrvalsþílum eða Gaeðabílum. Ef bíllinn stenst ekki kröfur okkar bjóðum við þér hann ekki.



BETRI NOTAÐIR BÍLAR **TOYOTA**



## VEISTU SVARIÐ?

**1** Hvað heitir austurrískar stúlkun sem kom í leitirnar á dögum eftir átta ár í haldi mannræningja?

**2** Hvað heitir íslenski fördunarsér-freeðingurinn sem gerir það gott í Hollywood þessa dagana?

**3** Í hvaða sæti lenti íslenska landsliðið í körfubolta á nýastöðnu aefingamóti í Hollandi?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 48

Flugþjónusta hins opinbera:

## Porgeir stýrir Flugstoðum

**MANNARÁÐNING** Porgeir Pálsson flugmálastjóri hefur verið ráðinn forstjóri Flugstoða. Flugstoðir er



hlutafélag í eigu ríkisins sem ætlað er að sinna margs konar þjónustu sem Flugmálastjórn hefur haft með höndum, svo sem rekstri flugleiðsöguþjónustu og flugvalla. Flugmálastjórn mun áfram sinna þeim þáttum sem snúa að stjórnsýslu flugmála.

Starfsmenn Flugstoða verða um 220 og hjá dótturfélögnum Flugfjarskiptum og Flugkerfum starfa um 80 manns.

Porgeir Pálsson hefur verið flugmálastjóri frá 1992 og gegnir því starfi til áramóta þegar hann tekur við stjórn Flugstoða. - bbs

Enn óljóst hvað Kínverjanum á Kárahnjúkum gekk til með sjálfsmeiðingunum:

# Fer heim eftir spítalavistina

**KÁRAHNJÚKAR** Ekki liggur fyrir hváð kínverska manninum sem misþyrmdi sjálfum sér á Kárahnjúkum gekk til með sjálfsþyntingu. Maðurinn fannst liggjandi í blóði sínu í svefnskála á svæðinu aðfaranótt 20. ágúst. Hann sagði dulbúna menn hafa ráðist á sig en ný bender allt til þess að hann hafi skaðað sjálfan sig með naglbít.

Að sögn Steingríms Þorbjarnarsonar, trúnaðarmanns á Kárahnjúkum, er maðurinn kominn austur aftur eftir að hafa verið fluttur á spítala í Reykjavík, en liggur þar á sjúkrahúsi og er enn að ná sér eftir blóðmissinn. Stein-



**KÁRAHNJÚKAR** Kínverjinn mun að öllum líkendum ekki starfa frekar á Kárahnjúkum heldur fara heim og gangast undir sálfræðimeðferð.

grímur segir ástæður fyrir hátt-erni mannsins ókunnar. Líkur hafa

verið leiddar að því að maðurinn hafi viljað verða sér úti um tryggingsáfé til að senda fjölskyldu sinni í Kína, en Steingrímur segir ekkert benda til þess. Þá er og talið ólíklegt að hann hafi veitt sér áverka vegna þess að hann hafi átt að snúa heim og vildi frekara vera um kyrrt og vinna á launum sem eru hærri en í heimalandinu.

Kínverjinn mun líklega snúa til síns heima þegar sjúkrahúsivistinni líkur þar sem hann mun þurfa að halda og er óvinufær sökum þess. Steingrímur segir samstarfsmenn mannsins enn slegna yfir atburðinum og málið mikil rætt. - sh

Koizumi verst gagnrýni:

## Ytir ekki undir bjóðrembu

**JAPAN, AP** Junichiro Koizumi, forsetisráðherra Japans, vísaði því að bug í gær að heimsókn hans í Yasukuni-hofið, þar sem minning fallinna hermannar er heiðruð, kynti undir bjóðernishygju meðal Japana. Hann sakaoi aftur á móti fjölmörla um að ýfa upp delir með ósanngjörnum fréttalutningi.

Koizumi fordæmdi enn fremur íkveikuárás sem gerð var á heimili þingmanns sem hefur farið fyrir innanlandsgagnrýni á Yasukuni-heimsóknir forsætisráðherrans. Harðasta gagnrýnin kemur þó frá Suður-Kóreu og Kína, þar sem litið er á hofið sem tákni fyrir hernadarhyggju fyrri tíma í Japan. - aa

Viðræður um fækkeni í byggðinni við Úlfljótsvatn:

## Niðurstöðu er að vænta í viklulokin

**ÚLFLJÓTSVATN** Viðræður eru enn í gangi milli fasteigna- og þróunarfélagsins Klasa og stjórnar Orku-



**PORGILS ÓTTAR MATHIESEN** Forstjóri Klasa, Porgils Óttar Mathiesen, segir að Klasi hafi lýst sig reiðubúinn til viðræðona um breytingar á skipulagi við Úlfljótsvatn.

veitu Reykjavíkur um að draga úr fyrirhugaðri sumarhúsabyggð við Úlfljótsvatn.

Vonir standa til að niðurstaðan liggi fyrir síðar í þessari viku.

Porgils Óttar Mathiesen, forstjóri Klasa, staðfestir að Orkuveitan hafi áhuga á því að breyta fyrirhuguðu skipulagi um frístundabyggð á svæðinu og Klasi hafi lýst sig reiðubúinn til viðræðna.

Fyrirhugað var að byggja sex hundruð sumarhús ásamt þjónustumiðstöð og segir Porgils Ottar rætt um að fækka þeim í sextíu. Ef af þessu verður verður viðskiptahugmyndinni að baki frístundabyggðini breytt og sumarhúsabyggðin höfð með hefðbundnara sniði en áður var fyrirhugað. - ghs



**ANNAN OG SANIORA** Kofi Annan, framkvæmdastjóri SP, og Fuad Saniora, forsætisráðherra Libanon, á blaðamannafundi í Beirút í gær.

## Annan var harðorður

Framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna brýndi fyrir bæði Hizbollah-liðum og Ísraelsstjórn að virða ákvæði vopnahlésalyktunar.

**LÍBANON, AP** Kofi Annan, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, las bæði Ísraelsstjórn og Hizbollah-samtökunum í Libanon pistilinn í heimsókn til Beirút í gær. Hann sagði hvorugan stríðs-aðilan geta „valið og hafnað“ það sem þeim hentaði að hrinda í framkvæmd úr vopnahlésalyktun SP. Hann itrekaði kröfuna um að Hizbollah-liðan létu lausa two ísraeliska hermann, sem peir töku til fanga 12. júlí, og kröfuna um að Ísraelar afléttu hafnbanni sínu á Libanon.

Annan sagði ályktun öryggisráðs SP númer 1701 um vopnahlé í Libanon „fastan matseðil“. „Hún er ekki hlaðborð þar sem hægt er að velja og hafna. Við verðum að hrinda ályktun 1701 í framkvæmd í heild sinni og ég vona að allir hlut-adeigandi muni taka það til sín,“ sagði hann. „Verði ályktun 1701 ekki hrint samviskumlega í framkvæmd óttast ég að hættan sé mikil á að vopnuð átök brjótist út að.“

Hann bauð aðstoð SP við að fá ísraelsku hermannina lausa úr haldi Hizbollah, ef samtökum gætu með því orðið að liði við að bæta friðarhorfurnar. Hann skorði einnig á Ísraelsstjórn að afléttu hafnbanninu sem hún heldur enn til streitu í Libanon. Og hann itrekaði kröfu SP um afvopnun Hizbollah. „Í Libanon ættu aðeins,

eins og um hefur verið samið, að vera ein lög, ein stjórvöld og vopnavald á einni hendi,“ sagði Annan.

Enn er verið að vinna að mönnun alþjóðlega friðargæslulíðsins, sem samkvæmt vopnahlésáætluninni á að gæta friðarins í Suður-Líbanon, ásamt líbanska hernum. Ítalska stjórnin samþykkti í gær að senda 2.500 hermann, og að Ítalíu tækji við forystu gæslulíðs SP í Libanon af Frókkum í febrúar á næsta ári. Evrópusambandsþjóðir hafa heitið samtals 6.700 hermönnum í liðið, en alls eiga 15.000 hermenn að fylla raðið þess.

Ítalíustjórn ákvæði jafnframtíð í gær að veita Libanon bráðaaðstoð upp á 30 milljónir evra, andvirði um 2,7 milljarða króna.

Tyrkneska stjórnin samþykkti einnig í gær „í meginatriðum“ að leggja gæslulíðinu í Libanon til hermann. Leitað verður samþykktis tyrkneska þingsins við því í þessari eða næstu viku. Andstaða við að senda hermann í petta verkefni hefur farið vexandi í Tyrklandi að undanförunu, þar sem almenningsáliði er allt á bandi Líbana og sú skoðun útbreidd að hætta sé á að tyrkneski hermann í friðargæslu í Libanon yrðu álitnir vera að þjóna hagsmunum Ísrael. Libanon var í 400 ár hluti af Tyrkjaveldi. audunn@frettabladid.is

Dansk dómsmál:

## Faðir faldi börnin í Beirút

**DANMÖRK** Rússneskur ríkisborgari var í gær daemdur í tveggja og hálfs árs fangelsi í Danmörku fyrir að hafa flutt börn sín úr landi fyrir ellefu árum og falið þau í palestínskum flóttamannabúðum í Libanon. Hann hefur síðan ekki leyft þeim að heimsækja móður sína, sem býr í Árósum í Danmörku, kemur fram á fréttavef Jótlandspóstsins.

Maðurinn fór úr landi með börnin eftir að móðir þeirra fór frá honum vegna siendurtekins heimilisofbeldis.

Börnin, sem öll eru danskir ríkisborgarar, eru enn í Beirút hjá ömmu sínni. Þau eru nú á aldrinum 13 til 19 ára.

Maðurinn verður gerður brott-rækur úr Danmörku þegar hann hefur afplánað dóminn. - smk



Vertu á hellu í summar fyrir  
4.092 KRÓNUR Á MÁNUÐI\*



## Hellur & steinar FYRIR FEGURRA UMHVERFI

Þegar fjárfesta á í garðinum er ómetanlegt að sérfróðir fagaðilar séu með í ráðum. Við hjá MEST fylgjum viðskiptavinum okkar alla leið og veitum þeim alhliða þjónustu.

Hjá MEST getur þú fengið aðstoð landslagshönnuða við að skípuleggja garðinn þinn. Hafðu samband og fáðu nánari upplýsingar í síma 4 400 550 eða á www.mest.is.



- allt til bygginga

VISALán - HAGSTADAR AFFORGARI

Staðgreiðslu

\*Forsendur miðast við 60 m<sup>2</sup> af Borgarhellum án hellulagnar og jafrar mánáðarlegar greiðslur á VISA eða Mastercard í 36 mánuði. MEST áskilur sér rétt til að breyta verði án fyrirvara. Bretta og pokatrygging endurgeistið við skil. 8% umsýslugjald þegar skilað er opnuðum hellubrettum.

Stillanlegt  
og þægilegt



## STÓRGLÆSILEG ÁGÚSTTILBOÐ Á TEMPUR OG STILLANLEGUM RÚMUM



Að sofa er eitt, að hvílast er annað.  
Í ágúst bjóðum við Tempur heilsudýnur,  
stillanleg rúm og koddu á frábæru tilboði.  
Yfir 30 þúsund læknar, sjúkraþjálfarar og  
kírópraktorar um heim allan mæla með  
Tempur. Með Tempur heilsudýnunni nærðu  
hámarksslökun, hvíld og svefni sem er  
lykillinn að góðri andlegri og líkamlegri  
heilsu.



EINA DÝNAN OG KODDINN SEM  
VIDURKENND ERU AF **NASA** OG  
SKJALFEST AF GEIMFERDA-  
STOFNUN BANDARÍKJANNA



## EKKI MISSA AF PESSIONU!!!



Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477 • [betrabak@betrabak.is](mailto:betrabak@betrabak.is) • [www.betrabak.is](http://www.betrabak.is)  
Opið virka daga frá kl. 10-18  
Laugardaga frá kl. 11-16

# ÚTSALA

Plankaparket · Stafaparket  
Fljótandi parket · Gólfhlísar  
Náttúrusteinn · Innihurðir

15-50%

Flott fyrir þig!

Parki  
INTERIORS

[www.parki.is](http://www.parki.is) Dalvegi 18 Kópavogi, sími 564 3500

## Auglýsing um framboðsfrest vegna stofnfundar sameinaðs félags Félags járniðnaðarmanna og Vélstjórafélags Íslands

Kjörstjórn félaganna auglýsir eftir framboðslistum til stjórnar, varastjórnar og fulltrúaráðs sem kjósa skal um á stofnundi sameinaðs félags 14. október 2006.

Á lista til stjórnar og varastjórnar skulu formaður og 4 meðstjórnendur koma frá Vélstjórafélagi Íslands og varaformaður ásamt 3 meðstjórnendum frá Félagi járniðnaðarmanna. Í varastjórn skulu koma fjórir fulltrúar frá hvoru félagi.

Á listanum skal að auki gera tillögu um 18 menn í fulltrúaráð félagsins, samanber 2. mgr. 17. gr. laganna og skulu 9 fulltrúar koma frá hvori félagi fyrir sig. Fulltrúaráðið endurspeglir, eftir því sem kostur er, breidd félagsins með hliðsjón af starfsgreinum, hópum og landshlutum.

Framboðslistum skal skilað til kjörstjórnar félaganna fyrir kl. 16:00 föstudaginn 29. september 2006 ásamt meðmælum 20 fullgildra félagsmanna.

Heimilisfang kjörstjórnar er á skrifstofu Félags járniðnaðarmanna, Borgartúni 30, 105 Reykjavík.

Fh. kjörstjórnar

Félag járniðnaðarmanna, Vélstjórafélag Íslands og Alþýðusamband Íslands

Hreinsunarátak á Kjalarnezi:

## Vilhjálmur borgarstjóri lét vel að stjórn

**BORGARMÁL** Milli þrjátíu og fjörutíu manns „tóku upp hanskann fyrir Kjalarnezi“ á hreinsunardegi sem haldinn var um helgina. Hreinsunardagurinn er liður í verkefni Reykjavíkur að virkja almenning og fyrirtæki í fegrún borgarinnar.

„Þetta gekk prýðilega vel og var vel sótt,“ segir Andrés Svavarsson, rekstrarstjóri hverfastöðvarinnar á Kjalarnezi. Unnið var hörðum höndum í um þrjár klukkustundir við að þökuleggja, hreinsa beð, kantskera og tína laust rusl. Aðspurður segir Andrés að verkstjórnin hafi gengið vel og að borgarstjórn



Eigum mikil úrvaf af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga frá kl. 9:00-18:00. www.bilaparter.is bilaparter@bilaparter.is

### Partar s. 565 3323

Partar Kaplahrauni 11, s. 565 3323. Varahlutur í bíla þ.a.m. Ford, Opel, Daewoo. Kaupum bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

### Partasalan Sími 557 7740.

Partasalan Skemmuvegi 30, sími 557 7740. Eigum varahlutu í Volvo, Opel, Nissan, Toyota, Renault, Honda og fleira.

### Vinnuvélar



Til leigu mikil úrvaf af Vélhjólbörum með beltum og liðstýrðar á hjólum, Mini Traktorsgröfum og Smágröfum í mörgum stærðum, einnig Stauraborar sem hægt er að tengja við grófurnar. Erum með kerrur sém hægt er að flytja tækín. A. VINNULYFTUR EHF. S: 544 8444.



ALLAR GERDIR AF VINNULYFTUM TIL LEIGU GÖD TÆK & BETRA VERD  
sími 565 4646 & 660 1700  
WWW.ARMAR.IS

### Bátar



**Suzuki utanborðsmotorar**  
Suzuki utanborðsmotorar í miklu úrvali. Frábær verð. Suzuki Umboði ehf. S. 565 1725 www.suzuki.is

### Bílateiga



**allt heimili**  
Alla fimmtudaga

### KEYPT & SELT

### Til sölu



### Bátaleiga

Bátaleiga, hjólhýsleiga, bátaleiga, bílaþrif, skemmtisiglingar o.fl. Aftann ehf. Steinhellri 5 221 Hafnarfjörði www.aftann.is. 892 4589/554 4589

### Gúmmibátar & Gallar

Viðgerðarþjónusta, 10 ára reynsla. Seago björgunarþátar & vesti. S. 660 7570 www.gummibatar.is

### Aukahlutir í bíla




**Benz, Bmw, Vw, Skoda, Toyota, Saab, Peugeot o.fl.**

### Viðgerðir

Túrbínur, varahl. & viðg.þj. Vélaviðg, allar almennar viðgerðir. Sérþontunarþj. Varahl. í flestar gerðir bíla og vinnuvéla. Túrb. ehf. s. 544 2004.

### Bílateiga

Leigum út allar stærðir bílateigubíla með eða án bílstjóra. Upplýsingar í síma 661 2222



### Bílateiga.

Leigum út allar stærðir bílateigubíla með eða án bílstjóra. Upplýsingar í síma 661 2222



### Tölvur

**Óðýrar tölvuvíðgerðir!**

Kem samðægurs í heimahús. Kvöld- og helgarþjónusta. S. 695 2095.

**Óðýrar tölvuvíðgerðir!**

Allliða tölvuvíðgerðir og uppfærslur. Uppl. í s. 899 8894.

### Vélar og verkfæri

ORKEL gæða sturtuvagnar 8 - 10 - 12 og 15 tonna. Öflug dekk. Lambás ehf. 845 9263 og 465 1333

ORKEL gæða sturtuvagnar 8 - 10 - 12 og 15 tonna. Öflug dekk. Lambás ehf. 845 9263 og 465 1333

### Til bygginga

#### Til sölu

beyjuvélar - járnaklippur

- handklippur - bindivír - rósir -

- undirlegg - járnaskúffur - hólk-

- ar - kónar o.fl.

S. 544 2055, HB Innflutningur.

S. 544 2055, HB Inn



## SPILA EINS LENGI OG STEMNINGIN LEYFIR

Metnaðarfull trommusýning  
Puma-sveitarinnar

SJÁ SÍÐU 2



## KLÁR Í SLAGINN

Allt sem þarf að hafa  
meðferðis á Ljósanótt

SJÁ SÍÐU 10

[ SÉRBLAÐ UM LJÓSANÓTT Í REYKJANESBÆ – PRIÐJUDAGUR 29. ÁGÚST 2006 ]

# Ljósanótt 2006



## Landvernd kynnir framtíðarsýn: Reykjanesskagi verði eldfjallagarður og fólkvangur

### RÁÐSTEFNA Í NORRÆNA HÚSINU

Fimmtudaginn 7. september frá kl. 13:00

Landvernd mun kynna framtíðarsýn sína um Reykjanesskagann sem eldfjallagarð og fólkvang. Fjallað verður um þá fjölmörgu möguleika sem svæðið hefur upp á að bjóða í náttúruvernd, útvist, ferðaþjónustu og nýtingu jarðvarma og jarðhitaefna. Meðal framsögumanna verða sérfraðingar, fulltrúar Landverndar og Hitaveitu Suðurnesja.

Til sýnis verða málverk Jóhanns G. Jóhannssonar, tindar og pýramídar, en Jóhann sækir innblástur sinn í Keili á Reykjanesi. Dúettinn Hellvar leikur nokkur lög.  
Sjá nánar á [www.landvernd.is](http://www.landvernd.is)



### TÓNLEIKAR

Fimmdudagskvöldið 14. september í Þjóðleikhúskjallaranum,  
kynnir Jón Páll Eyjólfsson – húsið opnar kl. 19.00

Föstudagskvöldið 15. september í Frumleikhúsinu Keflavík,

kynnir Bergur Ingólfsson – húsið opnar kl. 19.00

Fjölmargir tónlistarmenn úr Reykjanessbæ og nágrenni leggja málefnum lið. Á tónleikunum koma fram Deep Jimi and the Zep Cream, Heiða og heiðingjarnir, Rúnar Júlíusson, Æla, Hinir guðdómlegu neanderdalsmenn, Þróstur Jóhannesson, Koja, Tommy gun, Victory or death og The corrupted crüe.

Miðasala á [www.midi.is](http://www.midi.is) og Hljómvíal, Keflavík.



# Mjög tilkomumikið laugardagskvöld

Ásmundur Friðriksson er verkefnastjóri Ljósanæturhátiðarinnar og hann segir að undirbúningurinn hafi gengið ótrúlega vel.

„Þetta gæti þess vegna byrjað í dag,“ sagði Ásmundur Friðriksson í samtali við Fréttablaðið en hann er greinilega mjög spenntur fyrir því að hátiðin hefjist á fimmtudag.

„Það er rosalega öflug dagskrá og við skipuleggjendurnir erum mjög sáttir við að hafa landað þessu öllu. Það voru samt margir sem vöknudu þegar dagskráin kom út og vildu fá að vera með. Við erum alveg búnir að vera opnir fyrir því að bæta inn áhana fram á síðustu stundu,“ sagði Ásmundur en Ljósanótt er orðin að fjögurra daga hátið, frá fimmtudegi til sunnudagskvölds, þar sem hápunkturinn er á laugardagskvöldinu. Til að byrja með var hátiðin aðeins ein kvöldstund og fer því örт stækkandi.

Petta er í fyrsta sinn sem Ásmundur stjórnar Ljósanótt en hann er þó langt frá því að vera óvanur þar sem hann starfaði við Þjóðhátið í Vestmannaeyjum í yfir 25 ár. „Þessi hátið er náttúrulega

allt öðruvísi en þjóðhátiðin og ekki hægt að bera þær saman. Við setjum fjölskylduna í algjöran forgang og þetta miðar allt að því að gera þetta eins fjölskylduvænt og hægt er. Við leggjum áherslu á mismunandi atriði svo allir í fjölskyldunnini finni eithvaða við sitt hæfi. Áhersla er lögð á að það sé ekki ölvun á almannaþári og sem betur fer hefur verið mjög lítið um unglingsadrykkju undanfarin ár.“

Á fimmtudagskvöldinu verða sérstakir unglingsatónleikar þar sem margar athyglisverðar hljómsveitir stíga á stokk. „Það er ýmislegt í dagskránni sem er við haft unglings og má þar nefna góðar hljómsveitir eins og Skítamóral og Sálina og svo koma fram nokkrar Idol-stjörnur,“ sagði Ásmundur en búast má við fjölmögum gestum í Reykjanesbæ á meðan á hátiðinni stendur.

Við eignum von um mjög miklum fjölda húsbila og við ætlum að gera mjög vel við þá. Þeir fá staði



Ásmundur lofar góðri skemmtun á Ljósanótt. Þessi mynd var tekin á hátiðinni í fyrra.

MYND/VÍKURFRÉTTIR

við skóla í miðbænum. En þetta er ekki tjaldksamkoma með skipulögðum tjaldstæðum. Það er gríðarlega mikil af fjölskyldum sem nýta þessa helgi til að hittast. Fólk sem er búsett í Reykjanesbæ fær fjölskyldu sína og vini sem ekki búa í bænum í heimsókn. Laugardagurinn er stóri dagurinn þegar fjölskyldurnar hittast um daginn, grilla síðan oft um kvöldið og taka síðan kvöldagskrána sem endar á flugeldasýningunni.“

Á föstudagskvöldinu verður blásið til stórtónleika sem kallast „Fast þeir sóttu sjóinn“, en þeir eru fjölskylduskemmtun sem verð-

ur nokkurs konar brekkusöngur. „Þar kemur meðal annars fram hljómsveitin Hundur í óskilum og Breiðbandið úr Reykjanesbæ. Raggi Bjarna, Porgeir Ástvalds og Árni Johnsen taka einnig þátt. Það er um tveggja tíma dagskrá við höfnina og er búist við að fullt af skútum úr Reykjavík komi í heimsókn,“ sagði Ásmundur.

Flugeldasýningin á Ljósanótt hefur vakið mikla athygli í gegnum tíðina og verður hún mjög tilkomumikil þetta árið. „Við ætlum að skáka grónum okkar í höfuðborginni og það verður mjög myndarleg flugeldasýning. Varóskipið Ægir mun

taka þátt í lokaathöfninni á ógleym-anlegan hátt,“ sagði Ásmundur. Sviðið er alveg við sjóinn og er mikil lagt í lokaathöfnina.“

Petta endar með því að ljós verða kveikt á bergenin og er það nokkurs konar merki hátiðarinnar. „Við gerum vonir um að þegar sú athöfn verði muni 30-40 þúsund manns vera á staðnum. Hópurinn Norðan Bál stendur fyrir lokaatriði kvöldsdins,“ sagði Ásmundur. „Allt sem við stöndum fyrir á Ljósanótt er ókeypis. Það eru bara veitingastaðirnir og svona sem selja sína þjónustu. Þess utan verður allt frítt og við leggjum mikil upp úr því.“

## Jeppar, fornþílar og mótorhjól

Suðurnesjadeild Ferðaklúbbssins 4x4 tekur nú í fyrsta sinn þátt í Ljósanætursýningu Bifhjóla klúbbssins Arna og Fornbílaklúbbssins Keflavíkur.

Reykjanesbær hefur lengi haft orð á sér sem mikill bilabær, enda eiga Suðurnesjamenn og -konur einhverja þá glæsilegustu bíla sem fyrirfinnast á landinu. Að vanda verður haldin mikil vélhjóla- og fornþílasýning í tilefni Ljósanætur en nú munu í fyrsta sinn líka verða sýndir jeppar.

„Okkur langaði að kynna klúbbinn og fá fleiri minna breytta bíla í hann,“ segir Steinar Freyr Sigurðsson í Suðurnesjadeild Ferðaklúbbssins 4x4. „Bifhjóla klúbburinn Ernir og Fornbílaklúbburinn í Keflavík hafa verið með sýningu undanfarin ár og nú verða jeppar með líka.

Við hittumst hjá pósthúsini í Keflavík á bilinu tvö til hálfþrjú. Klukkan þrjú keyrum við svo hópkastur frá pósthúsini, niður Hafnargötu og að Duus-húsum þar sem við stillum öllum bílum og hjólum upp. Þar verður svo sýning frá þrjú til svona fimm eða sex, þannig að fólk geti farið heim og grillað með fjölskyldunni fyrir kvöldið,“ segir Steinar.

- elí



Fornbíla- og mótorhjólasýningin er árviss atburður á Ljósanótt.

LJÓSMYND/VÍKURFRÉTTIR



Jóhann Davið Albertsson er betur þekktur sem Joey Drummer.

FRETTABLAÐIÐ/GVA

## Spilum lengur ef stemmingin verður rosalega góð

Metnaðarfull trommusýning verður í boði Puma-sveitarinnar á laugardagskvöldið.

Stuðningsmenn Keflavíkur hafa getið sér gott orð fyrir mikla stemningu á leikjum líðsins í Landsbankadeildinni í sumar. Þeir kalla sig Puma-sveitina og mun kjarninn úr henni taka þátt í dagskránni á Ljósanótt á laugardagskvöld og bjóða upp á metnaðarfulla trommusýningu. Jóhann Davið Albertsson úr Puma-sveitinni, betur þekktur sem Joey Drummer, lofar mikilli skemmtun.

„Við verðum þarna fjórir trommarar með sérstaka sýningu, það verða menn með okkur sem spúa eldi og svona. Á eftir okkur spilar síðan Sálín og svo verður víst stórkostlegt leyniatriði,“ sagði Jóhann en ef viðtökurnar verða góðar segir

hann fátt geta stöðvað þá stráka.

„Lengd þessa atriðis fer mikil eftir því hvernig stemningin verður. Það er áætlað að þetta verði um tíu mínútna langt. Ef allt verður brjálað og hörkustumending höldum við samt bara áfram og spinnum meira ef við komumst í gírinn. Við erum þrír úr Puma-sveitinni og svo verður Atli sem er eigandi Yellow með okkur. Við höfum hist nokkrum sinnum og erum að ljúka við að sjóða þetta saman. Þetta verður skemmtilegt sprell.“

Þeir munu þó ekki koma fram undir nafni Puma-sveitarinnar á Ljósanótt. „Við fengum rúma sekúndu til að ákveða nafnið og ætlum að kalla okkur trommara-

kvartettinn Ringo,“ sagði Jóhann, sem virtist þokkalega sáttur við nafnið. Hann hlakkar að sjálfsgöðu mikil til hátiðarinnar og býst við margmenni í Reykjanesbæ.

„Ég held að það verði brjáluð maeting. Það verður fullt af viðburðum í gangi með alls konar sýningum og svona. Meðal annars verður boðið upp á teygjustökk og ég ætlaði að gera það 2004 en kom nokkrum mínútum of seint,“ sagði Jóhann, ákvæðinn í að grípa þetta tækifæri í ár.

Trommarakvartettinn Ringo verður með þriðja síðasta atriðið á stóra sviðinu fyrir flugeldasýninguna á laugardagskvöldinu.



Dagskrá í Sparisjóðnum í Keflavík  
föstudaginn 1. september:

Strengjasveit Tónlistarskólans í  
Kyjov spilar á Tjarnargötutorgi  
kl. 16 ef veður leyfir.  
Bogomil Font og Flís í  
calypso stuði í afgreiðslu  
Sparisjóðsins í Keflavík  
kl. 16:30-17:30.

# GÓÐA SKEMMTUN!

Sparisjóðurinn í Keflavík  
er aðalstyrktaraðili Ljósanætur 2006

Frábær flugeldasýning á laugardeginum  
kl.22:00 í boði Sparisjóðsins, í umsjón  
Björgunarsveitarinnar Suðurnes.

Sparisjóðurinn styður einnig Ljósalagakeppnina  
og marga aðra listviðburði hátíðarinnar.



# Heimsmet mun líklega falla

Fjöllistahópurinn Norðan Bál hefur staðið að ýmsum listviðburðum á undanförnum árum og verður með atriði sem markar upphafið á lokum Ljósanætur á laugardagskvöld.

„Við erum fimm í þessum hóp og höfum verið það frá upphafi. Það hefur verið haft samband við okkur og við beðin um að taka að okkur ýmis verkefni, en við tökum þau verkefni að okkur sem við teljum okkur geta framkvæmt,“ sagði Örn Alexandersson úr Norðan Bálí.

Hópurinn stóð m.a. fyrir skuggaleikhúsi í framhlið Háskóla Íslands í tengslum við ljósahátið árið 2000 og var einnig með ljósatónleika á Kópavogskirkju árið eftir. Þá hefur hópurinn hannað túlipana á ljósastaura

en þeir voru settir upp í tengslum við Vetrarhátið Reykjavíkurborgar. Síðasta verk hópsins var uppsetning verksins „Fimmkallaþringurinn“ á túninu við Gerðarsafn í Kópavogi.

Norðan Bál mun vekja upp Ægi á Ljósanótt í boði KB banka. Hópurinn fær til liðs við sig valda listamenn og framkvæmir gjörning ljóss og tóna. Örn segir að heimsmet gæti fallið þetta kvöld en vill ekki fara nánar út í það. „Það verður eiginlega að koma í ljós, fólk verður að koma og sjá. Það eina sem ég get

sagt er að heimsmet mun mjög líklega falla.“ Um er að ræða viðamikla sýningu sem hefur verið í undirbúningi í nokkurn tíma. „Þetta fór að rúlla fyrir tveimur mánuðum og hefur tekið allan aukatíma okkar. Petta verður smá leikhús,“ segir Örn en meðlimir hópsins koma flestir úr áhugaleikhúsum. „Það er stórskemmtilegt að standa í þessu, mjög gaman að ná að framkvæma hið ómögulega. Petta er bara eins og frumsýning og það verður spennufall leið og þetta er búið.“



Hópurinn Norðan Bál mun vekja upp Ægi á Ljósanótt. Myndin er frá Ljósanótt í fyrra, þar sem bergið var lýst upp.



Steinþór Jónsson er forsprakki Ljósanætur.

## Árgangar hittast

Steinþór Jónsson er forsprakki Ljósanætur sem verður haldin hátiðleg í sjöunda sinn þetta árið.

Steinþór Jónsson er forsprakki Ljósanætur, sem verður haldin hátiðleg í sjöunda sinn þetta árið. „Það er mikil að gerast og erfitt að taka einhverja nokkra viðburði út en gaman að segja frá því að Landhelgisgæslan ætlar að fagna með okkur, það er einmátt stórafmæli hjá henni og með hennar aðstoð má fá nýja sýn á flugeldasýninguna. Við verðum með mikil af bátum á hátiðinni í ár og þeir munu setja svip á svæðið,“ sagði Steinþór.

„Á laugardeginum verður mikil um endurfundi. Margir fyrverandi íbúar bæjarins koma á þessa hátið og ætlum við að vera með svokallaðan árgangahitting að þessu sinni. Miðað er við fæðingarár og getur fólk hitt aðra úr sinum árgangi á Hafnargötunni. Árgangarnir hittast við sérstök hús, t.d. munu þeir sem eru fæddir 1974 hittast við Hafnar-götu 74 svo dæmi sé tekið,“ sagði Steinþór.

„Pegar allir eru búnir að kasta kveðju á hvort annað verður farið í skrúðögöngu þar sem árgangur '90 gengur fyrstur af stað og tekur með sér '89 og svo '88 og svo áfram. Þarna fáum við bæjarfélagið í aldursröð upp að hátiðarsvölinu,“ sagði Steinþór. Auglýst hefur verið að um fermingarárganga sé að ræða en Steinþór segir að það sé misskilningur. „Petta er bara miðað við fæðingarár og eru aðkomumenn líka velkomnir í þessa göngu. Ef vel heppnast verður talað um þetta áfram.“

Á Ljósanótt er fjölskyldustemn-

ingu og menningarhátið blandað saman á skemmtilegan hátt. „Á miðvikudagskvöld tökum við smá forskot á seluna fyrir hátiðina og verðum með hagryðingakvöld. Það er svo mikil af viðburðum að þessi hátið hefur breiðst út á svona marga daga og því nánast hægt að tryggja að þeir sem vilji sjá einhver atriði komist á þau öll,“ sagði Steinþór. Hugmyndin að hátiðinni kom í kjölfarið á því að hann fækki þá hugdettu að láta lýsa upp bergið við Reykjanesbæ.

„Petta hefur undið upp á sig og ótrúlegt að fylgjast með því hvað þessi hátið hefur staekkað. Það sýnir betur en margt annað hvað samstaðan og samhugurinn er mikill hjá bæjarbúum. Það er líka ákveðið stolt að reyna að gera betur og betur með hverri hátið. Ljósanóttin er hálferð áramót hjá íbúum bæjarins,“ sagði Steinþór.

„Hátiðir hafa allar sinn tilgang. Hjá okkur hefur þetta blandast við mikla framkvæmdagleði og við höfum reynt að halda þeim síð að vígja nýja hluti á hverri hátið. Til dæmis munum við taka núna í notkun nýjan kvíkmyndasal í bænum,“ sagði Steinþór. Þá hafa íbúar verið hvattir til að gera umhverfið hreint og fallegt fyrir hátiðina en þess má geta að umhverfismál í Reykjanesbæ hafa tekið miklu stakkaskiptum á síðustu árum.

„Svo verður að sjálfsögðu gott og fallegt veður hjá okkur eins og hefur alltaf verið á Ljósanótt,“ sagði Steinþór Jónsson.



Kaffitár, Stapabraut 7,  
Reykjanesbær, sími 420 2710

**HÓTEL  
KEFLAVÍK**

*20 ára*  
1986 - 2006

**Verið velkomin á  
Ljósanótt í Reykjanesbæ**

Á Hótel Keflavík er alltaf  
Ljósanótt!

Við höfum opnað nýja vefsíðu:  
[www.hotelkeflavik.is](http://www.hotelkeflavik.is)





# ÚTGÁFA 2006




BAGGALÚTUR  
APARNIR Í EDEN

Tónlistardeild Baggalúts mætir hér í hörkustuði með  
Hawaiiskotið sjávarútvegs- og strandköntri.




RÚNAR JÚLÍUSSON  
**NOSTALGÍA**

Rúnar flytur hér nokkur af sínum eftirlætislögum ásamt valinkunnum hljóðfæraleikurum.




GAMMAR  
AF NIÐAFJÖLLUM

Hljómsveitin Gammar snýr aftur með hágæðadjass við allra hæfi.



LJÓSALAGIÐ  
2006

Lögin 10 sem kepptu til úrslita  
í samkeppninni um Ljósalagið 2006.



**ÆLA  
SÝNIÐ TILLITSSEMI,  
ÉG ER FRÁVIK**



KOJA  
KOJA

Fersk og frumleg rokksveit  
með sína fyrstu útgáfu.



## BREIÐBANDID LÉTTIR Á SÉR

Stútfullur diskur af söng og gamanmálum  
frá hinni nafntoguðu þungaviktarsveit.



# LJÓSANÓTT 2006

## 31. ÁGÚST - 3. SEPTEMBER

### 30.8. MIÐVIKUDAGUR

#### FORSKOT Á LJÓSANÆTURSÆLU

##### TÓNLIST

###### 20:00: Ytri-Njarðvíkurkirkja

Tónleikar strengjasveitar Tónlistarskólans í Kyjov í Tékklandi. Hefðbundin strengjasveitatonlist ásamt tekknescum þjóðlögum. Ókeypis aðgangur og allir velkomnir á meðan húsrúm leyfir.

###### 21:00: Ráin

Hagyðingavöld undir handleiðslu Ragnars Inga Ádalsteinssonar.

### 31.8. FIMMTUDAGUR

#### FORMLEG DAGSKRÁ LJÓSANÆTUR

**13:00 Setning Ljósanætur við Myllubakka-skóla Steinþór Jónsson formaður Ljósanætunefndar býður gesti velkomna og Árni Sigfusson bæjarstjóri setur hátiðina. Grunnskólabörn koma í skráðögum frá skólum sínum og 2.500 blöðrum verður sleppt til himins. Allir bæjarbúar velkomnir.**

**13:00 Ljósanæturþúttmót púttklúbbsins á púttvelliðum við Mánagötu. Mótið er öllum opíð. Hótel Keflavík Open, golfmót í Leiru sunnudag kl. 12:00. Ræst út á öllum pöllum, punktamót**

##### DUUSHÚS - SÝNINGAR

**17:00 Bíosalur. Íslensk listhönnun og handverk.** Opnun á sýningu frá Handverki og hönnun á Íslandi þar sem sjá má úrvaf af íslensku list- og handverki.

**17:00 Bíosalur. Verðlaunaafhending.** Umhverfis- og skipulagssvið Reykjanesbæjar veitir umhverfisverðlaun og Fjölskyldu- og félagsþjónustan verðlaunar fjölskylduvænsta fyrirtekið í Reykjanesbæ.

##### TÓNLIST

**20:30 Listasalur:** Tónleikar Dagnýjar Jónsdóttur sópran í boði Sparisjóðsins. Ókeypis aðgangur á meðan húsrúm leyfir.

##### DAGSKRÁ LANDSBANKANS Í KEFLAVÍK, LANDSBANKAPLANI

- Guitar Islancio spila fyrir gesti í útbúi Landsbankans.
- Sproti kemur í heimsókn, getraun.
- Risafótbolti á Landsbankaplaninu og munu leikmenn Landsbankadeildarinnar stjórna leiknum.
- Ingó og Veðurguðirnir, Ingó áritar veggspjöld.
- Baggalútur. Getraun.

##### SÝNINGARSALIR VIÐ DUUSTORG

**13.00 Svarta-pakkhus, Hafnargötu 2.** Gallerí Svarta-Pakkhus, handverk.

**17:00 Fischershús, Hafnargötu 2.** Gallerý Björk. Íslenskt handverk eftir félagsmenn.

**17:00 Fischershús, Hafnargötu 2.** Sýningin Ljóðaljós. Jónína Mjöll Þormóðsdóttir sýnir handunnar ljósaseríur með völdum textum.

**17:30 Gamla búð, Duusgötu 5.** Sýningin Candidus. Kristín Couch sýnir ljósmyndir.

**18:00 Svarta-pakkhusið, Hafnargötu 2,**

neðri hæð. Samsýning Félags myndlistarmanna í Reykjanesbæ. Ga

**18:00 Efri-hæð Svarta pakkhusinu.** Hjalti Gústavsson, Einar Örn Konráðsson, Þorfinnur Sigurgeirsson og Kristján Micheal Walker sýna ýmis verk.

**18:30 Vetrarsalir golfklúbbsins, Hafnargötu 2. Ýmsir listamenn.**

Sigurbjörg Gunnarsdóttir (Bagga) sýnir málverk. Sólvieig Gunnarsdóttir (Sonny) sýnir verk unnin úr fjörusteini.

Stefán Jónsson sýnir teikningar.

Rafn Sigurbjörnsson sýnir óluverk.

Guðmundur Heimsberg sýnir ljósmyndir.

Ingibjörg Guðrún Magnúsdóttir sýnir akrílmyn dir

á endurunnan pappi.

Hrafnhildur Gísladóttir sýnir akrílmyn dir

Pierre Alain Barichon, olia og vatnslitamyn dir

13:00 - 18:00 Kaffítár á Fitjum. Lína Rut Wil berg sýnir ný verk. Sýningin ber heitið Velkomin í baunaland.

**13:00 Gryfjan Poppminjasafn Íslands - áttundi áratugurinn. Riságítar!**

**13:00 Bíosalur Íslensk listhönnun og handverk.** Handverk og hönnun.

**18:00 Listasalur** Opnun á sýningu Listasafns Reykjanesbæjar. Steinunn Marteinsdóttir, verk 1961-2006.

**18:00 Tónlist** Tekknesc strengjasveit leikur við opnun á Listasafninu.

##### SUÐSUÐVESTUR

###### HAFNARGÖTU 22 OG GAMLA SUNDHÖLLIN V/ FRAMNESVEG.

**17:00 Prójekt Patterson.** Myndlist og tónlist á báðum ofangreindum stöðum og viðar um bæinn. Myndlistasýning opnar með verkum eftirfarandi listamanna: Didda Hjartardóttir, Dodda Maggy, Elsa D. Gísladóttir, Erling Klingenberg, Finnur Arnar Arnarson, Gunnhildur Hauksdóttir, Hekla Dögg, Helgi Þórsson, Inga Þórey Jóhannsdóttir, Kolbeinn Hugi, Ölfur Helga Helgadóttir, Páll Thayer, Ráhildur Ingadóttir og Sólveig Einarsdóttir. Verk Diddu Hjartardóttur verður staðsett í Rockville með góðfuslegu leyfi Sandgerðisbæjar.

**20:00 Prójekt Patterson** tónlistarrannsóknir útfærðar á föstudagskvöldi í gömlu Sundhölli nni. Hellvar, Kira Kira, Ghostigital og Auxpan.

**Kl. 20:00 Sterkasti maður Suðurnesja** Aflraunakeppni á túrinu gegnt Svarta pakkhusi nu.

##### SÝNINGARSALIR VID DUUSTORG

**13:00 Svarta pakkhusið, Hafnargötu 2, neðri hæð** Samsýning Félags myndlistarmanna í Reykjanesbæ.

**13.00 Svarta-pakkhus, Hafnargötu 2.** Gallerí Svarta-Pakkhus, handverk.

**17:00 Fischershús, Hafnargötu 2. Gallerý Björk** Íslenskt handverk eftir félagsmenn.

**17:00 Fischershús, Hafnargötu 2.** Sýningin Ljóðaljós. Jónína Mjöll Þormóðsdóttir sýnir handunnar ljósaseríur með völdum textum.

**17:30 Gamla búð, Duusgötu 5.** Sýningin Candidus, Kristín Couch sýnir ljósmyndir.

**18:00 Efri hæð Svarta pakkhusinu.** Hjalti Gústavsson, Einar Örn Konráðsson, Þorfinnur Sigurgeirsson og Kristján Micheal Walker sýna ýmis verk.

**18:00 Vetrarsalir golfklúbbsins Hafnargötu 2. Ýmsir listamenn.**

Sigurbjörg Gunnarsdóttir (Bagga) sýnir málverk. Sólvieig Gunnarsdóttir (Sonny) sýnir verk unnin úr fjörusteini.

Stefán Jónsson sýnir teikningar.

### DAGSKRÁ

#### Meginviðburðir Ljósanætur

##### FIMMTUDAGUR

- Setning Ljósanætur
- Opnun á nýum sal í Duushúsum, Bíosalnum
- Unglingatónleikar við 88 Húsið, Hafnar götu 88

##### FÖSTUDAGUR

- Opnun á sýningu Steinunnar Marteinsdóttir í Listasafninu í Duushúsum
- Suðsuðvestur - Prójekt Patterson
- Bryggjuhátiðin „Fast þeir sóttu sjóinn“ við smábátabryggjuna

##### LAUGARDAGUR

- Stjörnusporið
- Stóra svíðið
- Flugeldasýningin

##### SUNNUDAGUR

- Samkirkjuleg gleðistund í Kirkjulundi
- Tónleikarnir Slðasta lag fyrir fréttir í Duushúsum. Sniglabandið í beinni útsendingu
- Allar myndlistarsýningar og vinnustofur listamanna opnar

Ath. Enn eiga viðburðir eftir að bætast við dagskrá Ljósanætur. Sjá vef Ljósanætur: ljosanott.is.

Rafn Sigurbjörnsson sýnir óluverk.

Guðmundur Heimsberg sýnir ljósmyndir. Ingibjörg Guðrún Magnúsdóttir sýnir akrílmyn dir á endurunnan pappi. Hrafnhildur Gísladóttir sýnir akrílmyn dir. Pierre Alain Barichon, olia og vatnslitir.

13:00 - 18:00 Kaffítár á Fitjum. Lína Rut Wil berg sýnir ný verk. Sýningin ber heitið Velkomin í baunaland.

**Bókasafn Reykjanesbæjar.** Fermingarmyndir.

Sýning Byggðasafns Reykjanesbæjar á fermingarmyndum fyrr ára á Bókasafninu, Hafnargötu 57. Þar gefst fólk ekki einungis tækifæri á að skoða gamla fermingarmyndir heldur verður hægt að kaupa eða panta myndir af eldri árgögum.

13:00 - 18:00 Hringbraut 92. Guðmundur Marí usson sýnir málverk að Hringbraut 92.

13:00 - 20:00 Gamla Félagsbíó við Túngötu. Samsýning Ljósops, félags áhugaljósmyndara í Reykjanesbæ.

13:00 - 18:00 Hársnyrtistofa Harðar, Hafnargötu 16. Halla Harðardóttir sýnir verk unnin með olíu og blandaðri tækní ásamt Herdísí Snorradóttur sem sýnir akrílmyn dir og hönnun.

13:00 - 20:00 Eignamiðlun Suðurnesja Hafnargötu 20. Jane María Sigurðardóttir sýnir akrílverk.

13:00 - 20:00 Húsanes, Hafnargötu 20. Halla Har sýnir verk sín.

Verslunin Cabo, Hafnargötu 23. Dagmar Róbertsdóttir sýnir verk sín. Sýningin stendur til 10. september.

13:00 - 18:00 Bling Bling, Hafnargötu. Dröfn Rafnisdóttir með sýninguna Haustmyndir.

Kaffihúsið Létt og ljúft í Kjarna, Hafnargötu 57. Rakel Steinþórsdóttir sýnir.

##### Stapafell

Jóhanna Long, olia. Kristín Bragadóttir, silfurmuni

Fjóla gullsmiður, Hafnargötu 21. Skart og speglar. Opið föstudagur frá 14:00 - 18:00, laugardagur 10:00 - 18:00 og sunnudagur 14:00 - 17:00.

##### OPNAR VINNUSTOFUR

Frida Rögnvalds listmáli verður með opna vinnustofu í Grófinni 17 a (fyrir ofan Þvottahöllina). Opið föstudag og laugardag frá kl. 14:00 - 20:00 og sunnudaginn frá kl. 14:00 - 18:00.

Hjörðis Hafnfjörð glerlistakona verður með opna vinnustofu að Freyjuvöllum 5. Opið föstudag, laugardag og sunnudag frá kl. 13:00 - 17:00.

Elínros Eyjólfssdóttir er með opna vinnustofu og galleri að Baldursgötu 14. Opið föstudag 10:00 - 20:00, laugardag 13:00 - 19:00 og sunnudag 13:00 - 17:00.

Blómaþorpið, Túngötu 10. Sýningin Blóm leg list, skreytingar eftir Ásdisi Þalðsóttur úr blómum og örðum gjöfum náttúrunnar. Opið fimmtudag til sunnudags frá kl. 13:00 - 21:00.

Pappírinn kvaddur í Reykjanesbæ. Sýning á pappírsverkum og opin vinnustofa fyrir alla í

gömlu vélsmiðjunni við Tjarnirnar í Innri Njarðvík. Opið föstudag, laugardag og sunnudag frá kl. 13:00 - 18:00.

**Íslensk hönnun.** Verslunin Rokksmiðjan opnar kl. 13:00 föstudaginn 1. september að Suðurgötu 18. Hönnun Öldu Sveinsdóttur undir vöru-merkinu iD-ALDA, eigin fatalína á kvenfötum. Einnig verða seld þar notuð fót og fylgihlutir. Opið alla helgina frá 13:00 - 18:00.

**15:00 Tangó á Hafnargötunni.** Dansarar frá Tangófélagi Reykjavíkur dansa tangó á Hafnargötunni við Hljómsvæði. Komið, sjáð og finnið tangósteivluna í blöði ykkar. Minnum einnig á Tangóbalið í Bláa lóninu á sunnudaginn.

**14:00 - 18:00 Geimsteinn.** Upptökuhemili Geimsteins við Skólaveg verður opíð á Ljósanótt fyrir gesti hátiðarinnar föstudag, laugardag og sunnudag frá kl. 14:00 - 18:00. Rúnar Júlíusson, Listamaður Reykjanesbæjar verður sjálfur á staðnum og ræðir við gesti.

**18:00 Hjólabrettamót við 88 Húsið.** Kept verður í frjálsri aðferð - vegleg verðlaun. Skráning er hafin í síma 847 5872.

**19:00 Konukvöld hjá Bernhard við Njarðbraut.** Dixielandband Árna Ísleifs og félagnar Raggi Bjarna og Porgeir Ástvaldsson.

**20:30 "Fast þeir sóttu sjóinn"** Fjölskylduskemmtun við DUUS gegnt smábáthöfninni í boði Glitnis.

- Hobbitarnir
- Sjómannalöggin, Raggi Bjarna og Porgeir Ástvaldsson
- Breiðbandið
- Hundur í óskilum
- Árni Johnsen - bryggjusöngur Dagskrá lýkur kl. 22:30.

**Ráin, Hafnargötu 19.** Hljómsveit Rúnars Júlíussonar leikur fram á nótum.

**21:30 Paddys, Hafnargötu 38.** Rockville tónleikar m.a. Æla, Tommy gun og Skátar.

## 2.9. LAUGARDAGUR

**Götuleikhús.** Leikfélag Keflavíkur verður með götuleikhús á Hafnargötunni allan daginn og fram á rauða nótum. Sirkus, trúðar og alls kyns skemmtilegheit.

**Tívóli frá Sprell leiktækjum verður við Félagsbíó og Svarta Pakkhúsið.**

**13:00 - 23:00 Andlitsmálun í tjaldi Atlastaðafisks.**

**09:30 Íslandsleikar "Special Olympics" í Reykjaneshöll.** Kept verður í frjálsum íþróttum og knattspyrnu, 7 manna liðum.

**Kl. 10:00 - 12:00 Eglo Alexanderdóttir kynrir jóga og Fit-Pilates á lðavöllum 9. Eglo býður í jógatíma kl. 09:00.**

**Kl. 11:00 - 14:00 Varðskipið Ægir til sýnis í Keflavíkurhöfn.**

**11:00 Gönguferð um bæinn í fylgd leiðsögumanna.** Byrjað og endað við Duushús. Gangan tekur 1 klst.

**13:00 Fermingarárgangar hittast** Hittu gömlu vinina og kunningjana úr þínum árgangi á Ljósanótt. Allir fermingarárgangar ætla að hittast á Hafnargötunni kl. 13:00 og ganga svo saman niður að stóra svíði. Allir árgangar hittast á sama tíma á mismunandi stöðum; árgangur '62 hittist við Hafnargötu 62, árgangur '53 við Hafnargötu 53 og s.frv. Eftir 15- 20 mínútna spjall og samveru verður skrúðganga niður Hafnargötuna þar sem árgangur 90 leiðir eldri árganga niður að aðalsviði Ljósanætur undir lúðrablaðestri Tónlistarskóla Reykjanesbæjar og með skemmtilegum uppákomum Leikfélagsins. Áætlaður komutími að aðalsviði er kl.13:50. Öll börn eru velkomin með foreldrum sínum.

**13:00 - 18:00 Fermingarmyndir á bókasafninu.** Áhugasönum er einnig bent á sýningu Byggðasafnsins á fermingarmyndum fyrri ára á Bókasafnini, Hafnargötu 57. Þar gefst fólk ekki einungis tækifæri að skoða gamlar fermingarmyndir heldur verður hægt að kaupa eða pantu myndir af eldri árgögum. Verður þinn árgangur fjölmennastur?

**SUÐSUÐVESTUR HAFNARGÖTU 22 OG GAMLA SUNDHÖLLIN V/FRAMNESVEG.** Myndlist og tónlist á báðum ofangreindum stöðum og viðar um bæinn. Myndlistasýning opnar með verkum eftifarandi listamanna: Didda Hjartardóttir, Dodda Maggy, Elsa D. Gísladóttir, Erling Klingenberg, Finnur Arnar Arason, Gunnhildur Hauksdóttir, Hekla Dögg, Helgi Þórsson, Inga Þórey Jóhannsdóttir, Kolbeinn Hugi, Ólöf Helga Helgadóttir, Páll Thayer, Ráðhildur Ingadóttir og

Sölveig Einarsdóttir. Verk Diddu Hjartardóttir verður staðsett í Rockville með góðufuslegu leyfi Sandgerðisbæjar. Hljómsveitin Apparat Organ Kvartett spilar og um leið synda sundballerínur samhæft við tónlistina.

**Stekkjkot er opíð frá kl. 13:00 - 17:00.** Einnig verður hægt að skoða víkingskipið Íslending.

### VIÐ SVARTA PAKKHÚSIÐ

**Láttu ljós þitt skína!** Einstakur ræðustóll verður stáðsettur við Svarta pakkhúsið á Hafnargötu 2 þar sem öllum gefst kostur að koma fram. Þekktir og óþekktir, læroðir og leikir troða upp og láta ljós sitt skína. Frumort ljóð, brandarar, sögur, draumar, frásagnir og hvað sem ykkur dettur í hug að deila með öðrum og er til ánægju. Láttu ljós þitt skína og taktu þátt. Skráning á staðnum frá kl 13:00 og fram eftir kvöldi. Ef þú vilt skora á einhvern getur þú sent áskorunina á vef Ljósanætur: ljósanott.is.

### LITLA SVIÐIÐ Á LISTATORGINU VIÐ SVARTA PAKKHÚSIÐ, HAFNARGÖTU 2

#### Tónlist og fleira allan dagin

- 13:00 Hundafatatíka
- 13:30 Harmonikkufelagið
- 14:00 Rappararnir 2Leikmenn
- 14:30 Kvennakör Suðurnesja
- 15:00 Söngþópurinn Uppsigling
- 15:30 Karlakór Keflavíkur
- 16:00 Alexandra Chernyshova sopran
- 16:30 Strengjasveit Tónlistarskólans í Kyjov í Tékklandi
- 17:00 Ljóshærðir á Ljósanótt

**Ljóshærðir á Ljósanótt.** Listamaðurinn Guðmundur Rúnar Lúðvíksson ætla að vinna verkið "Ljóshærðir á Ljósanótt" laugardaginn 2. september kl. 17:00 í portinu við Svarta pakkhúsið, Hafnargötu 2. Til að verkið geti orðið að veruleika, þarf að kalla til alla ljóshærða bæjarbúa á þennan stað að þessari stundu. Ljóshærður Reyknesingar! Bregðist við kalli listamannsins og látið sjá ykkur við Svarta pakkhúsið kl. 17:00 á laugardaginn og takið þátt í frumlegri listsökun.

**13:00 Flóamarkaður Kvennakórs Suðurnesja** á túnum við Svarta pakkhúsið.

**13:00 Bridgemót í Kjarna.** Sveit SpKef á móti sveit Glitnis.

**13:00 - 17:00 Opið hús hjá K-9 hundaskólanum,** Vatnesvegi 5.

**13:00 - 17:00 Skátafélagið** verður með klifturn og kynningu á starfinu á Keflavíkurtúni við Duusgötu.

#### Hvalaskoðunarmót á seglskútum.

Sigldur verður hvalaskoðunarrhingur 15 sjómílur. Verðlaunaahending í Duus kl. 18:00.

**13:00 - 19:00 Sportbátasýning á planinu austan við Duus.** Sýndir verða skemmtibátar og tækjabúnaður tengdur bátaþróttum.

**13:00 - 23:00 Tívóli Sprell leiktæki** við Félagsbíó og við Svarta Pakkhúsið.

**15:00 Hópkastur.** Bifjhólkuburinn Erni leggur af stað frá Samkaup Kl.15.00 niður Hafnargötu. Við H88 og pósthlúsið bætast inn í forn bílar og 4x4. Hjól og bílar til sýnis á svæðinu.

**Fisfélagið Slétta** verður á planinu við SBK.

### STÓRA SVIÐIÐ VIÐ HAFNARGÖTU 14:00 - 16:30 FJÖLSKYLDUSTUD

#### Snorri Idol

- Trúðurinn Moli skemmtir
- Briet Sunna
- Solla stirða og Halla hrekkusvín frá Latabæ koma í heimsókn
- Skitamórrall leikur nokkur af vinsælustu lögum sínum
- Þörgvin Frans kynnir og flytur eftirhermuatriði af mikilli list

### OPIÐ HÚS HJÁ MIÐSTÖÐ SÍMENNTUNAR

#### 13:00-18:00

- Námskeiðskynningar allan daginn
- Kaffihúsastemning og uppákomur yfir daginn.
- Kaffi í boði Kaffitár.
- Solla Græna með eitthvað hollt og gott.

**Kl. 13:00 - Húsíð opnar**

**Kl. 14:00 - Bergur Ingólfsson leikari** - Hvernig má segja sömu söguna á mismunandi vegu! Bergur segir sögur á einstaklega skemmtilegan hátt.

**Kl. 15:00 - Árelia Eydis Guðmundsdóttir**

**Lektor** - Lærou að virkja kraft vonar og heppni í lífi þínu. Fyrirlestur sem Árelia byggir á bok sinni Móti hækkandi sól.

**Kl. 16:00 - Ragnheiður Eiríksdóttir tónlistarmáður** (Heiða í Unum) og Kristín Einarsdóttir Þjóðfræðingur - fjalla um og flytja hluta úr íslenskum dægurlögum.

Allir velkomnir.

**14:00 - 17:00 Sterkasti maður Suðurnesja.** Afrunaakeppni, seinni dagur. Keppnin fer fram á túnum gegnt Svarta Pakkhúsinu, Hafnargötu 2.

**15:00 Torfærukeppni við SBK,** fjarstyrðir bílar. Nýjasta pabbasportið.

**16:00 Stjórnusporið.** Fjórdra Stjórnuspor Reykjanesbæjar verður afhjúpað fyrir framan verslun George Hannah, Hafnargötu 49. Stjórnusporið er tileinkað þeim einstaklingum/hópum sem skarað hafa fram úr eða sett mark sitt á bæinn. Í ár er Stjórnusporið tileinkað alheimssfegurðardrottningunni Guðrún Bjarnadóttur sem kosin var Miss International 1963.

**16:00 - 17:00 Akstur í boði Arna,** bifjhóla klúbbs Suðurnesja, frá SBK planinu.

**17:00 Nýr flugvöllur Flugmódelfélags Suðurnesja** vígður við Seltjörn. Ljósanæturflugsýning.

**18:00 Verðlaunaahending fyrir siglinga-keppnina** í Kaffi Duus.

### SÝNINGAR Í DUUSHÚSUM

#### 13:00-21:00

**13:00 Bátasalur Bátafloti Gríms.** Breytt sýning, nýr bátar.

**13:00 Gryfjan Poppminjasafn Íslands** - áttundi áratugurinn. Risagitar!

**13:00 Bíosalur Íslensk listhönnun og handverk.** Handverk og hönnun.

**13:00 Listasalur Sýning Listasafns Reykjanesbæjar;** Steinunn Marteinsdóttir, verk 1961-2006.

### 13:30 - 17:30 TÓNLIST FYRIR ALLA

**13:30 Tékknes strengjasveit** leikur hefð-bundin strengjasveitarlög og tékknes þjöldög.

**14:00 Alexandra Chernyshova sopran.**

#### Klassík.

**14:30 Harmonikkufelagið** leikur sjómannavalsa.

**15:00 Tríó,** Berglind Stefánsdóttir, flauta, Dagný Marinósdóttir, flauta og Sigurgeir Agnarsson, selló, í boði Landsbankans.

**15:30 Kvennakór Suðurnesja.**

**16:00 Dúettinn Birta og Sjónni,** léttur jass.

**16:30 Karlakór Keflavíkur.**

**17:00 Jass-tríó,** Jana María Guðmundsdóttir syngur ásamt kontrabassa og píanó, á efnisskrá eru þekktir jassstandardar, í boði Landsbankans.

### SÝNINGARSALIR VIÐ DUUSTORG

#### SÝNINGAR OPNAR FRÁ KL. 13:00 - 20:00

**13:00 Fischershús, Hafnargötu 2. Gallerý Björg.** Íslenskt handverk eftir félagsmenn.

**13:00 Fischershús, Hafnargötu 2.** Sýningin Ljóðaljós. Jónína MJöll Pormóðsdóttir sýnir handunnar ljósaseríur með völdum textum.

**13:00 Gamla búð, Duusgötu 5.** Sýningin Candidus, Kristín Couch sýnir ljósmyndir.

**13:00 Svarta-pakkhus, Hafnargötu 2, neðri hæð.** Samsýning Félags myndlistarmanna í Reykjanesbæ. Spákona á staðnum spáir gegn vægu gjaldi.

**13:00 Vetrarsalir golfklúbbsins, Hafnargötu 2.** Gallerí Svarta-Pakkhus, handverk.

**13:00 Efri-hæð Svarta-pakkhusinu.** Hjalti Gústavsson, Einar Örn Konráðsson, Þorfinnur Sigurgeirsson og Kristján Micheal Walker sýna ýmis verk.

jónsbörnum, Tómasi R. Einarssyni og Matthíási Hemstock. Gömlu góðu sönglögin (Sívaldi Kaldalóns, Sigfús Halldórsson o.fl.) útsett í frumlegum búningi þar sem klassik og djass mætest.

#### ■ SUÐSUÐVESTUR, HAFNARGÖTU 22 OG GAMLA SUNDHÖLLIN V/ FRAMNESVEG

**13:00 - 18:00 Projekt Patterson.** Myndlist og tónlist á báðum ofangreindum stöðum og viðar um bæinn. Myndlistasýning með verkum eftirfarandi listamanna: Didda Hjartardóttir, Dodda Maggy, Elsa D. Gísladóttir, Erling Klingenberg, Finnur Arnar Arnarson, Gunnhildur Hauksdóttir, Helka Dögg, Helgi Þórsson, Inga Þórey Jóhannsdóttir, Kolbeinn Hugi, Ólóf Helga Helgadóttir, Páll Thayer, Ráðhildur Ingadóttir og Sólveig Einarsdóttir. Verk Diddu Hjartardóttur verður staðsett í Rockville með góðfúslegu leyfi Sandgerðisbæjar.

**15:00 Sundballerínur í Vatnaveröld við sunnubraut** Breskar sundballerínur leika listir sínar.

#### ■ SÝNINGARSALIR VIÐ DUUSTORG

**SÝNINGAR OPNAR FRÁ KL. 13:00 - 18:00**  
**13:00 Fischershús, Hafnargötu 2. Gallerý Björg.** Íslenskt handverk eftir félagsmenn.  
**13:00 Fischershús, Hafnargötu 2.** Sýningin Ljóðaljós. Jónína Mjöll Þormóðsdóttir sýnir handunnar ljósaseriur með völdum textum.  
**13:00 Gamla búð, Duusgötu 5.** Sýningin Candidus, Kristín Couch sýnir ljósmyndir.  
**13:00 Svarta pakkhúsið, Hafnargötu 2, neðri hæð.** Samsýning Félags myndlistarmanna í Reykjanesbæ.  
**13:00 Svarta-pakkhus, Hafnargötu 2.** Gallerí Svarta-Pakkhus, handverk.  
**13:00 Efri-hæð Svarta pakkhúsinsu.** Hjalti Gústavsson, Einar Örn Konráðsson, Þorfinnur Sigurgeirsson og Kristján Micheal Walker sýna ýmis verk.  
**13:00 Vetrarsalir golfklúbbins, Hafnargötu 2. Ýmsir listamenn.** Sigurbjörg Gunnarsdóttir (Bagga) sýnir málverk. Sólveig Gunnarsdóttir (Sonný) sýnir verk unnin úr fjarsteinum. Stefán Jónsson sýnir teikningar. Rafn Sigurbjörnsson sýnir olíuverk. Guðmundur Heimsberg sýnir ljósmyndir.

Ingibjörg Guðrún Magnúsdóttir sýnir akrílmyndir á endurunnan pappir. Hrafnhildur Gísladóttir sýnir akrílmyndir. Pierre Alain Barichon, ólia og vatnslitir.

#### ■ SÝNINGAR Í FYRIRTÆKJUM OG VERS'LUNUM

**13:00 - 18:00 Kaffitár á Fitjum.** Lína Rut Wilberg sýnir ný verk. Sýningin ber heitið Velkomin í baunaland.  
**13:00 - 18:00 Hringbraut 92.** Guðmundur Maríusson sýnir málverk að Hringbraut 92.  
**13:00 - 20:00 Gamla Félagsbió við Túngötu.** Samsýning Ljósops, félags áhugaljósmyndara í Reykjanesbæ.

**13:00 - 18:00 Hárnsnyrtistofa Harðar, Hafnargötu 16.** Halla Harðardóttir sýnir verk unnin með óliu og blandaðri tækni ásamt Herdísí Snorradóttur sem sýnir akrílmyndir og hönnun.  
**13:00 - 20:00 Eignamiðlun Suðurnesja.** Jane María Sigurðardóttir myndlistarkona sýnir akrílverk.

**13:00-20:00 Húsanes, Hafnargötu 20.** Halla Har sýnir verk sín.

**Verslunin Cabo, Hafnargötu 23.** Dagmar Róbertsdóttir sýnir verk sín. Sýningin stendur til 10. september.

**13:00 - 18:00 Bling Bling, Hafnargötu.** Dröfn Rafnssdóttir með sýninguna Haustmyndir.

**Kaffihúsið Létt og Íljúft í Kjarna, Hafnargötu 57.** Rakel Steinþórðsdóttir sýnir.

#### ■ OPNAR VINNUSTOFUR

**Fríða Rögnvalds listmálarí** er með opna vinnustofu í Grófinni 17 a (fyrir ofan Hvottahöllina). Opið föstudag og laugardag frá kl. 14:00 - 20:00 og sunnudaginn frá kl. 14:00 - 18:00.  
**Hjörðs Hafnfjörð glerlistakona** er með opna vinnustofu að Freyjuvöllum 5. Opið föstudag, laugardag og sunnudag frá kl. 13:00 - 17:00.  
**Elínróð Eyjólfssdóttir** er með opna vinnustofu og galleri að Baldursgötu 14. Opið föstudag 10:00 - 20:00, laugardag 13:00 - 19:00 og sunnudag 13:00 - 17:00.  
**Blómþorpið, Túngötu 10.** Sýningin Blómleg list, skreytingar eftir Ásdísi Pálsdóttur úr blómum og örðrum gjöfum náttúrunnar. Opið fimmtudag til sunnudags frá kl. 13:00 - 21:00.  
**Pappírinn kvaddur í Reykjanesbæ.** Sýning á pappírsverkum og opin vinnustofa fyrir alla í

gömlu véldimiðjunni við Tjarnirnar í Innri Njarðvík. Opið föstudag, laugardag og sunnudag frá kl. 13:00 - 18:00.

**Íslensk hönnun.** Verslunin Rokksmiðjan opnar kl. 13:00 föstudaginn 1. september að Suðurgötu 18. Hönnun Öldu Sveinsdóttur undir vörumerkinu iD-ALDA, eigin fatalina á kvenfötum. Einnig verða seld þar notuð fót og fylgihlutir. Opið alla helgina frá 13:00 - 18:00.

**Geimsteinn.** Upptökuhelmilli Geimsteins við Skólavög verður opíð á Ljósanótt fyrir gesti hátiðarinnar föstudag, laugardag og sunnudag frá kl. 14:00 - 18:00. Rúnar Júlíusson, Listamaður Reykjanesbæjar verður sjálfur á staðnum og ræðir við gesti.

**16:00 Samkirkjuleg gleðistund í Kirkjulundi.** Kaffihúsastemming. Tónlist og veitingar í höndum hinna ýmsu trúfélaga í Reykjanesbæ.

**21:00 Tangóball í Bláa lóninu.** Tangófélag Reykjavíkur býður í samstarfi við Tangófélag Reykjaness upp á tangóball, Milonga, í Bláa lóninu á sunnudagskvöldinu kl. 21:00. Þar verður hægt að byrja á því að borða léttan kvöldverð og sjá sýningu færstu dansara Tangóhátiðarinnar sem stendur yfir í Reykjavík þessa sömu helgi og kasta sér síðan í tangódansinn á eftir. Allir velkomnir.



#### GLEÐILEGA HÁTÍÐ!

##### HAGNÝTAR UPPLÝSINGAR

Sölbuborð og vagnar viða um miðbæinn. Vöflur, kaffi, kakó, blóm, sykurlopi, poppkorn, flöð-ljósasprotar, blöðrur, Hósannavagninn og margt fleira.

VIÐ HVETJUM FJÖLSKYLDUNA TIL PESS AD GANGA NIÐUR Í BÆ!

##### ALMENNAR UPPLÝSINGAR OG ÖRYGGISMÁL

**Lokun gatna.** Laugardaginn 2. september verður miðbærinн þ.e. austan Hringbrautar frá Tjarnargötu að Vesturbraut lokaður allri umferð. Lokunin mun vara frá kl. 10:00 - 24:00 en Hafnargatan frá Vatnsnestorgi verður lokað til kl. 08:00 á sunnudagsmorguninn 3. september. Peir ibúar sem búa norðan Tjarnargötu og þurfa að vera á ferðinni í bifreiðum sinum þennan dag, geta farið inn og út af svæðinu um lokun/hlið á Kirkjuvegi við Sparisjóðinn. Þar mun Björgunarsveitin stjórna umferð. Ibúar á þessu svæði fá sérstök aðgangskort.

**Bílastæði.** Aðal bílastæðið verður við Ægisgötu, sem liggr fyrir neðan Hafnargötu. Ekið er inn á það eftir Básvegi og Hrannargötu. Bílastæði eru einnig viða um bæinn, t.d. við Sparisjóðinn, Myllubakkaskóla, Fjölbautaskólan, Íþróttahúsíð við Sunnubraut, Sundmiðstöðina, Vesturbraut og í Grófinni.

**Tjaldsvæði:** Aðstaða er hjá tjaldstæðinu Alex fyrir tjöld og tjaldvagna við Aðalgötu. Aðstaða fyrir húsbila verður við Myllubakkaskóla og hjá Alex.

**Upplýsingamiðstöð.** Upplýsingamiðstöð ljósanefnar verður starfrækt föstudag og laugardag að Hafnargötu 15. Síminn er 4211613.

Týnd börn verða flutt í upplýsingamiðstöðina.

**Öryggismiðstöð.** Öryggismiðstöð verður starfrækt föstudag og laugardag að Hafnargötu 8. Þar verður til staðar sjúkrabíll og sjúkratjald. Í neyðartilvikum skal hringja í 112 neyðarlínu allra landsmanna.

**Útideild, lögreglan og starfsmenn frá Fjölskyldu- og félagsþjónustu** verða með öflugt eftirlit um helgina, þar sem m.a. verður fylgst með því að ekki séu brotnar reglur um útvistar-tíma barna og unglings.

# Góða skemmtun á Ljósanótt 2006

Framkvæmdir við fegrin Reykjanesbæjar hafa staðið yfir undanfarin ár og hefur verkið gengið vel.

Það er von okkar að breytt ásýnd Reykjanesbæjar verði lyftistöng fyrir bæjarfélagið og íbúa þess.

Starfsmenn Nesprýði hafa verið í fararbroddi og vilja þakka bæjarbúum fyrir skilning og þolinmæði á framkvæmdartíma.

Nesprýði

Nesprýði ehf. hóf rekstur 1993 og er einn af sterstu vinnustöðum í Reykjanesbæ. Fyrirtakið býr að mikilli reynslu í jarðvinnu, hellulögnum og almennri skrúðgarðayrkju ásamt því að vera aðalverktaki í stærri framkvæmdum s.s. endurnýjun gatna og uppbryggingu lóða.

Fastir starfsmenn eru yfir 50 en á sumrin eru peir yfir 100 talsins



# Velkomin á Ljósanótt í Reykjanesbæ

## 31. ágúst - 3. september

Menningar- og fjölskylduskemmtun

Glæsileg flugeldasýning í boði Sparisjóðsins í Keflavík

Sjá dagskrá á [ljosanott.is](#)



[... reykjanesbaer.is](#)



REYKJANESBÆR

## Eitt og annað um Ljósanótt

Verkið Lýsing bergsins eftir Steinþór Jónsson var fyrst tendrað hinn 2. september árið 2000, á fyrstu Ljósanóttinni í Reykjavík. Við sama tækifæri færði listamaðurinn Reykjavík verkið formlega til eignar og umsjá. Kveikt er á ljósunum fyrsta laugardaginn í september og slökkt á þeim þann 21. júní á hvert. Eins og kaldur klettaveggurinn lýsist upp á verkið að minna íbúa Reykjavík og bjartsýni til bæjarins og þeirra sjálfrá.

Á stóra sviðinu við Hafnargötu hefst glæsileg dagskrá klukkan 20.15 á laugardag. Meðal atríða má



nefna trommukvartettinn Ringo, Sálina hans Jóns míns og tilkynningu úrslita í keppninni um Ljósanæturlagið 2006. Að lokinni dagskrá á sviðinu verða blys tendruð af bátum úti á Keflavík, varðskipið

Ægir sendir hátiðargestum kveðju og rúsinan í pylsuendanum er svo glæsileg flugeldasýning.

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÓLU:** Actavis 65,10 -0,76% ... Alfasca 4,69 -1,06% ... Atlantic Petroleum 580,00 +2,66% ... Atorka 6,10 -1,61% ... Avion 33,80 +0,30% ... Bakkavör 54,00 -0,37% ... Dagsbrún 5,17 -1,15% ... FL Group 17,90 -1,11% ... Glitnir 19,50 -0,51% ... KB banki 800,00 -0,62% ... Landsbankinn 24,30 -0,41% ... Marel 76,00 -1,30% ... Mosaic Fashions 17,20 -0,58% ... Straumur-Burðarás 16,10 -0,62% ... Össur 126,00 -1,18%

## viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## Eigið fé vanmetið um 30 milljarða

Bókfært eigið fé Samsons eignarhaldsfélags - sem er að langstærstum hluta í eigu Björgölfsfeda - var vanmetið um 29 milljarða króna hinn 30. júní miðað við að yfir fjörlutum prósenta eignarhlutur félagsins í Landsbankanum væri færður til markaðsvirðis.



BJÖRGÓLFUR THOR BJÖRGÓLFSSON

Eignarhalds-félagið, sem er stærsti hluthafinn í LÍ, bókfærdi eigið fé á 26,5 milljarða króna um mitt þetta ár en með því að fára bréf í bankanum til markaðsvirðis færð í tæpa 55,7 milljarða króna. Hlutabréf í LÍ hafa hækkað um fimm tungum á seinni hluta ársins þannig að dulið eigið fé er enn meira.

er meirihluttaeigandi í fasteignafélagini Samson Properties sem sérhæfir sig í rekstri og þróun fasteigna og fasteignaverkefna í Evrópu. Fram til 29. júní hafði tilgangur félagsins takmarkast við eignarhald í LÍ.

Heildareignir félagsins voru 77,8 milljarðar um mitt ár. - epa

## Svarfdælingar auka hagnað milli ára

Sparisjóður Svarfdæla jók hagnað sinn á fyrrí hluta ársins um 175 prósent miðað við sama tímá 2005. Hagnaður sparisjóðsins var 214 milljónir króna og var arðsemi eigin fjár 39 prósent.

Hreinar vaxtatekjur jukust um 57 prósent á milli ára en aðrar rekstrartekjur, sem voru að stærstum hluta af hluta-

bréfum, nær tvöfölduðust. Sparisjóðurinn er meðal hluthafa í Exista og skilaði sá eignarhlutur 161 milljón króna í kassan.

Eignir sparisjóðsins voru tæpir 3,8 milljarðar hinn 30. júní og nam eigið fé 1.236 milljónum króna. Eiginfjárlutfall (CAD) var 21,8 prósent í lok júní. - epa

## Hampiðjan tapar 134 milljónum

Hampiðjan tapaði rúnum 134 milljónum króna á fyrrí árshelmingi, samanborið við 188 milljóna króna hagnað á sama tímabili í

HAMPIDJUKADALL Samdráttur dótturfyrirtækja á erlendum mórkum hefur dregið úr sölu Hampiðjunnar miðað við síðasta ár, auk þess sem gengissveiflur hafa leitt til taps af erlendum lánum. FRÉTTABLADÍB/VILHELM

fyrra. Rekstrartekjur Hampiðjunnar námu tæplega 2,1 milljarði króna og drögust saman um tæp tólf prósent frá fyrra ári.

Í tilkynningu frá Hampiðjunni segir að sölusamráttur dótturfyrirtækja í Danmörku, Kanada og á Írlandi, hafi orðið til þess að sala samstæðunnar dróst saman frá fyrra ári. Þá kemur fram að gengislækkun krónunnar á tímabilinu hafi leitt af sér gengistap af erlendum lánum.

Hampiðjan er eina skráða félagið á iSEC-markaði Kauphallarinnar.

GJALMANNTENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

## Spá hraðari rýrnun verðbólgu

Sérfræðingar Landsbankans segja þensluna í rénun. Spáð er fimm prósenta verðbólgu og styrkingu krónunnar.


Verðbólga verður kominn í um fimm prósent strax á öðrum fjórðungi næsta árs, segir í nýúkomnu álti Greiningardeilda Landsbankans.

Greiningardeild telur afar litla hættu á að spá Seðlabankans um átta til tíu prósenta verðbólgu næstu tólf mánuði rætist. Þá er stýrivaxtahækunarferli Seðlabankans talið senn á enda og því spáð að stýrivextir verði kommir í 12,5 prósent á öðrum ársfjórðungi.

Greiningardeild Landsbankans telur enn fremur að ýmsar vísbindigar séu uppi um að þenslan sem verið hafi í efnaþagslífinu sé í rénun; væntingavísitala Gallup sé lægri en áður, auk þess sem nýskráningum bifreiða hafi fækkað. Skýrasta vísbindargin sé þó minnkandi velta á fasteignamarkaði.

Sérfræðingar Landsbankans spá því að gengi krónunnar styrkist jafnvældi árið 2007. Vænti megi enn hraðari peningastefnu, auk þess sem skýr merki séu fram komin um endurvakinna áhuga erlendra fjárfesta á íslenskum fjármálamaðra. Þá sé mikilvægt í þessu samhengi að íslensku bankarnir bankarnir tryggi

skammtímafjármögnun sína, líkt og Glitnir og Landsbankinn hafi nú þegar gert. Greiningardeildin telur að innlausn svokallaðra jöklabréfa hafi óveruleg áhrif á gengi krónunnar. - jsk



CITROËN

## Berlingo Van 1,4 75 hö. 5 gíra\*

Tilboð dagsins án vsk. 1.168.700 kr.  
Fjármögnumarleiga: 20% útborgun, 60 máð.  
Mánaðargreiðsla án vsk. 17834 kr.  
Rekstrarleiga 39 máð og 75.000 km. akstur.  
Mánaðargreiðsla án vsk. 22.289 kr.

MICHAEL JACKSON FÆDDIST PENNAN DAG ÁRÍÐ 1958.

„Af hverju má maður ekki deila rúminu sínu með öðrum? Það elskulegasta sem hægt er að gera er að deila rúminu sínu með annarri mannesku. Það er yndislegt og sætt. Allur heimurinn ætti að gera það.“

Poppkóngurinn fyrirverandi sem var ákærður fyrir kynferðislega misnotkun gagnvart ungum dreg svavar gagnrýnisröddum.



# Tímmamót

timamot@frettabladid.is

## AFMÆLI

Elísabet Erlingsdóttir, söngkona, er 66 ára.



Benóný Ægisson, leikskáld, er 54 ára.

Herdís Hallvarðsdóttir, tónlistarkona, er 50 ára.



Sigurður Gylfi Magnússon, sagnfræðingur, er 49 ára.



Erpur Eyvindarson, tónlistarmaður, er 29 ára.

## Manúela Ósk Harðardóttir

fyrr. fegurðardrottning, er 23 ára.



## JARDARFARIR

13.00 Jóhann S. Björnsson, Markholti 18, Mosfellsbæ, verður jarðsunginn frá Bústaðakirkju.

15.00 Bergþóra Eiríksdóttir, Skjóli, áður Akralandi 3, Reykjavík, verður jarðsungin frá Áskirkju.

15.00 Bergur Ó. Haraldsson, Hrauntunga 22, Kópavogi, verður jarðsunginn frá Digraneskirkju.

## PETTA GERÐIST 29. ÁGÚST

### Fyrsta atómsprengja Sovétmanna

Á þessum degi árið 1949 sprengdu Sovétríkin sína fyrstu atómsprengju. Tíraunin fór fram á hinum fáfarna stað Semipalatinsk í Kasakstan og tókst vel. Gekk sprengjan undir leyninafni Fyrsta elding.

Til að mæla áhrif sprengingarinnar ákváðu sovéskir víssindamenn að byggja hús, brýr og fleiri mannvirkir í nálægð við sprengingastaðinn til að sjá hver eyðileggingin yrði. Einnig lokaðu þeir spendýr á stærð við manneskjur inni í búrum til að sjá hvernig kjarnorkugeislunin færí með þau.

Sprengingin, sem var tuttugu kílótonn, var álika

kröftug og Trinity, fyrsta atómsprenging Bandaríkjamanna. Allar byggingar sem voru byggðar molnuðu í sundur og dýrin leystust upp.

Talið er að vísinda-mennirnir sem bjuggu til sprengjuna hefðu fengið refsingu í samræmi við ábyrgðina ef þeim hefði mistekist. Þeir hæst settu hefðu verið teknir af lífi en hinir lægra settu hefðu „einungis“ verið fangels-aðir. Þess í stað voru þeir hæst settu heiðraðir sem „hetjur sósíalíska verka-lýðsins“ á meðan hinir lægra settu fengu „orðu Leníns“ að gjöf.



## MERKISATBURÐIR

1862 Akureyri fær kaupstaðar-rettindi. Í þaumum bjuggu þá 286 manns.

1896 Kínverski réttirinn Chop Suey er fundinn upp af kokki sendiherra Kínverja í Bandaríkjunum.

1965 Mannadaða geimfaríð Gemini V lendir heili og höldn í Atlantshafi eftir átta daga á sporbaug um jörðu.

1971 Kirkjan á Breiðabólstað á Skógarströnd brennur til kaldra kola. Á sama tíma kemur upp eldur í bíl söknarprestsins sem er að leið til kirkju.

1981 Útitaflið við Lækjargötu í Reykjavík er vígt.

2000 Fyrsta sólarhringsverslun 10-11 er opnuð í Lágmúla. Það er nýjung á íslenskum matvörumarkaði.



Halldóra Guðrún Björnsdóttir  
Tunguheiði 12,

verður jarðsungin frá Fríkirkjunni í Reykjavík í dag, þriðjudaginn 29. ágúst kl. 13.00.

Páll Kristjánsson  
Aðalbjörg Pálsdóttir  
Björn Pálsson  
Sigurlaug Pálsdóttir  
Anna Lilja Pálsdóttir  
Soffia Björnsdóttir  
Grímur S. Björnsson  
Þorsteinn Kr. Björnsson  
Björn A. Björnsson  
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær eiginkona míni, móðir, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

Ásta Kristinsdóttir  
Bláhörmur 2, 112 Reykjavík,

sem lést á hjartadeild Landspítalans 18. ágúst verður jarðsungin frá Laugarneskirkju fimmtudaginn 31. ágúst kl. 15.00.

Reynir Á. Jakobsson  
Gréta Hjartardóttir  
Hilmar Jakobsson  
Rúnar H. Hauksson  
Hörður S. Hauksson  
Mary Andersen og ömmubörn.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Halfríður Jónsdóttir  
frá Bæjum á Snæfjallaströnd,

lést á Hrafnistu 23. ágúst síðastliðinn. Jarðsett verður frá Fossvogskapelli 30. ágúst kl. 15.00.

Fyrir hönd ástvina og ættingja,  
Margrét Dóra Elíasdóttir  
Elías Halldór Elíasson.

Tré ársins er 84 ára gömul og 11,10 metra há gráosp á lóð Austurgötu 12 í Hafnarfirði. Þetta var tilkynnt við hótíðlega athöfn um síðustu helgi.

Við athöfnina afhenti Magnús Jóhannesson, formaður Skógræktarfélags Íslands, Birnu Loftsdóttur viðurkenningsarkjal fyrir hönd eigenda hússins, sem er Fiskveiðihlutafélagið Venus. Hefur það verið eigandi þess undanfarin sjötíu ár.

Húsið var byggt árið 1872 af Ólafi „Borgara“ en öspin, sem er ein örfaðra af landinu, var að líkkindum gróðursett árið 1922. Er hún úr Gróðrarstöð

Einars Helgasonar sem stóð við Laufásvég í Reykjavík.

Að sögn Birnu, sem fæddist í húsinu, var tréð hætt komið í september árið 1972 þegar ofsarok gekk yfir Suðvesturland.

„Þá skelktist það en slitnaði ekki upp með rótum. Það haldist út af veggnum og hefur vaxið þannig síðan. Veggurinn kemur aðeins inn í tréð en það hefur bara lifað með því,“ segir Birna og bætir því við að tréð sé mjög sérstakt. „Það slútur yfir götuna og vex ekki beint upp í loftið. Krónan kemur yfir Austurgötuna,“ segir hún.

Skógræktarfélag Íslands velur tré ársins og er útnefningunni ætlað að beina sjónum almennings að því gróskumikla starfi sem er unnið um land allt í trjá- og skógrækt.

Á meðan á athöfninni stóð lék lúðrasveit verkalýðsins nokkur lög. Jafnframt var tréð mælt og aldur þess staðfestur með því að taka úr því borkjarna.

Birna segir að athöfnin hafi verið mjög ánægjuleg. „Við vorum heppin með veður. Þetta gerðist allt alveg á milli skúra. Það var burrt og sólin skein líka um tíma,“ segir hún.

## Bjarnarhafnarkirkja 150 ára

Bjarnarhafnarkirkja á Snæfellsnesi fagnar 150 ára afmæli um þessar mundir. Saga kirkjunnar og falinna fjársjóða hennar nær þó enn lengra aftur í tímum, því í Bjarnarhöfn hefur verið kirkja frá því á 12. öld. Í kirkjuni má finna altaristöflu sem hollenskir sjómenn gáfu á 17. öld, en þeir stunduðu þá fiskveiðar við landið. Altaristaflan er eftir óþekktan listamann, en á henni má sjá postulana bera kennslu á Krist eftir upprisuna. Kaleikur kirkjunnar er að sama skapi merkilegur gripar, en hans er fyrst getið í málðaga á 13. öld og er talinn vera frá 1280. Bjarnarhafnarkirkja er bændakirkja og er Bjarnarhöfn eini bærinn í sökn hennar. Hún bjóar hlutver guðshúss, en er þess að auki afar vinsæll ferðamannastöður. Gera má ráð fyrir því að tugir þúsunda ferðamanna sækji kirkjuna heim á ári hverju.

Séra Karl Sigurbjörnsson, biskup

Íslands, var staddur á Snæfellsnesi um helgina í árlegri visitasiður sinni. Visitasiður biskups er síður sem er jafngamall kristninni, en í henni skoðar biskup kirkjur og heimsækir fólk í einu prófastsdæmi á landinu. Hann sótti Bjarnarhöfn heim á sunnudag og var af þeim sökum blásið til fagnaðar vegna afmælis Bjarnarhafnarkirkju. Séra Hálmár Jónsson, sem var viðstaddir hátiðahöldin, segir þau hafa farið afar vel fram. Í kirkjuni var haldin hótíðamessa og gengu prestar prófastsdæmisins hempuklaðdir til kirkju. Hann segir þátttakendur í hátiðahöldunum hafa verið fólk sem hefur taugar til Bjarnarhafnar eða kirkjunnar sjálfrar. Meðal annars voru þar hjón sem héldu upp á brúðukapsafmeli sitt, en þau giftu sig einmitt í kirkjuni fyrir 45 árum. Bjarnarhafnarkirkja lætur lítið yfir sér og stendur ein á miðju túni, en hefur

**HJÁLMAR JÓNSSON** Dómþirkjupresturinn var viðstaddir hátiðahöld í tilefni 150 ára afmælis Bjarnarhafnarkirkju en fjöldi fólk sem ber taug til kirkjunnar tók þátt í hátiðahöldunum.

samt sem áður verið sterkur þáttur í lífi margra kynslóða eins og kirkjugarðirinn ber vitni um.





Nýtt tákni um gæði

**sóltílboð**  
Frábær sumarauki  
Þér að kostnaðarlausu  
Komdu núna



Ford Escape XLS 4x4 GPS Active  
2,3i 5 dyra sjálfskiptur 153 hestöfl

# Rataðu á Escape og bú nýtur bess að vera til



## Ford Escape 4x4 **GPSActive**

Sóltílboð með aukahlutapakka\*  
**2.990.000 kr.**

Rekstrarleiga 53.200 kr. Bílasamningur 36.990 kr.

**Sumarauki. Verðmæti 265.000 kr.**

Pú færð aukalega í Ford Escape 4x4 GPS Active:

- Nüvi 350: eitt fullkomnasta leiðsögutækið frá Garmin -með korti af Íslandi, Evrópu og Norður Ameríku
- Kælibox með rafmagnstengi, 14 lítra frá Tropicool
- Öflugt dráttarbeisli frá Ford
- Aurlififar, framan og aftan, frá Ford
- Ford Escape-hlífðarmotta í skottið
- Rafmagnstengi í skott fyrir ferðasjónvarpið og kæliboxið

Og jeppinn tilbúinn með fullan tank af bensíni



**Vertu á Ford 4x4 GPS Active í dag  
Nýttu þér sumartílboð á Ford jeppum**



Ford Escape XLS  
4x4 GPS Active  
2,3i 5 dyra sjálfskiptur\*

Sóltílboð 2.990.000 kr.  
Bílasamningur 36.990 kr.  
Rekstrarleiga 53.200 kr.

Sumarauki GPS Active  
Verðmæti 265.000 kr.



Ford Explorer XLT Sport  
4x4 GPS Active  
4,0i V6 5 dyra sjálfskiptur\*

Sóltílboð 4.540.000 kr.  
Bílasamningur 56.180 kr.  
Rekstrarleiga 84.500 kr.

Sumarauki GPS Active  
Verðmæti 207.000 kr.



Ford Expedition Limited  
4x4 GPS Active  
5,4i V8 8 manna sjálfskiptur\*

Sóltílboð 5.990.000 kr.  
Bílasamningur 74.125 kr.  
Rekstrarleiga 109.200 kr.

Sumarauki GPS Active  
Verðmæti 635.000 kr.

Komdu núna. Sóltílboð Brimborgar  
gildir meðan birgðir endast.

Sumarið er  
Brimborg



Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is

**FORD GT**

Smelltu á ford.is og taktu þátt í Happapotti Brimborgar og  
þú átt möguleika á bíltúr í Ford GT þegar líða fer á sumarið.



**brimborg**  
Öruggur staður til að vera á

**STUÐ MILLI STRÍÐA:** Tvöfalt siðgæði mannanna

FREYR GÍGJA GUNNARSSON VELTIR FYRIR SÉR MUNINUM Á LYGI OG LYGI.



„Það sem er bannað - lagið“ sat alltaf lengi í mér þegar ég var líttill og mótaði eflaust siðgæðisvitund mína. Ég þótti með eindæmum gott barn og fylgdi textanum eftir sem lög væru. Þulinn var upp fjöldi hluta sem var stranglega bannað að gera og ég sem líttill krullhærður drengur fylgdi pessu eftir í einu og öllu.

Ég efast stórlega um að það foreldri sé til sem hefur ekki gert skammarstrik á sínum yngri árum en húðskammar barnið sitt fyrir að gera nákvæmlega það sama. Börn eru í eðli sínu forvitin og uppátkjasköm og ef það eðli fær

ekki að njóta sín minna þau meira á ljón í búri en heilbrigrt „smáfólk“. Mestu heimspekingar sögunnar hafa enda líkt sér við börn bar sem forvitnin rekur þá áfram í leit að meiri þekkingu. „Því meira sem ég veit, því minna skil ég,“ sagði merkur Grikkí eitt sinn.

Tvöfalt siðgæði foreldra er grundvölur alls uppledis og hefur vafalítið verið það frá upphafi. Auðvitað vill ekkert foreldri að barnið sitt ljúgi en fullorðna fólkid gerir sig svo oft sekt um það að blekka barnið til að ná fram uppledilegum markmiðum að því er varla stætt á að skamma afkvæmi sitt fyrir sömu synd. Einhver þekktasta „matarsagan“ er helber lygi frá rótum; þegar Jóa litla er

hótað því að máninn muni éta graut drengsins ef hann klári ekki af diskinum. Sjálfur var ég dauðhræddur um að betta blessaða tungl sem birtist á kvöldin myndi hrifsa matinn af diskinum mínum brátt fyrir einlægan ásetning um að klára allt ætilegt. Sem betur fer er ekki hægt að hræða mig lengur með þessari „draugasögu“ því ég klára allt af diskinum mínum.

Tvöfalt siðgæði er leiðinlegur ávaní sem hefur grafið um sig í þjóðfélagi mannanna en sjálfur hef ég gerst svo oft sekur um að beita þessari skelfilegu synd að mér er eiginlega ekki stætt á að skrifa pennan pistil. Nema ef ekki skyldi vera fyrir það tvöfalta siðgæði sem ég er alinn upp í.

**myndasögur****Pondus**

Eftir Frode Øverli

**Gelgjan**

Eftir Jerry Scott &amp; Jim Borgman

**Handan við hornið**

Eftir Tony Lopes

**Kjölturakkar**

Eftir Patrick McDonnell

**Barnalán**

Eftir Jerry Scott &amp; Rick Kirkman



**NYTT OG  
BETRA GRAS...  
EKKERT GERVIGRAS!**

**WWW.GRAS.IS**

# JAMMFEST

## 2006

Reykjavík

Föstudagur 1. sept

**STORA SVÍD**

Stranger  
Morðingjarnir  
Noise  
Æla

Lokbrá  
Iadapt  
Brainpolice

OG FLEIRI  
JAMMSESSION  
eftir kl. 1:00

**LITLA SVÍD**

Amos  
Siggi Lauf  
Original Melody  
Dóri DNA  
Bent  
DJ Danni Deluxe



Laugardagur 2. sept

**STORA SVÍD**

Full speed Power party  
Telepathetics

Coral

Búdrýgindi  
Johnny sexual  
XXX Rottweiler hundar  
Jan Mayen

JAMMSESSION  
eftir kl. 1:00 OG FLEIRI

**LITLA SVÍD**  
Heavy P  
Weapons  
Bob  
Canora  
Hasteinn og áhöfnin  
Koja

**BROADWAY** \*

Aldurstakmark 18 ára  
Miðaverð eitt kvöld kr. 1.000  
Miðaverð tvö kvöld kr. 1.600  
sími: 533-1100

120 1886  
2006

**Landsbankinn**  
Banki allra námsmanna

### Tölvulán Námunnar

Námsmenn glíma við hin ótrúlegustu verkefni meðan á námi þeirra stendur. Með tölvuláni Námunnar léttum við undir með þeim þegar mest á reynir.

Í Námunni færðu:

- lán til tölvukaupa að hámarki 400.000 kr. til allt að 48 mánaða á mjög hagstæðum kjörum.
- tölvulán fyrir ófjárráða Námfélaga - foreldrar Námfélaga yngri en 18 ára sækja um tölvulánið fyrir þeirra hönd og fá sömu kjör.
- upplýsingar um mánaðarlegar greiðslur á landsbanki.is þar sem þú getur einnig sótt um lánið.
- 50% afslátt af 2 ára fartölvtutryggingu hjá TM.
- 10% afslátt í Apple búðinni.

I  
SYNUM  
NÁMSMÖNNUM  
TILLITSSEMI

„Það er nú allt í lagi að eiga smá líf fyrir utan námið.“

Nemi á öðru ári í arkitektúr.



Kl. 12.00

Innsetning Steinunnar Knútsdóttur og Ilmar Stefánsdóttur, *Out of Office*, í Norræna húsinu er opin frá kl. 12-17. Sýningunni lýkur á miðvikudag.

# menning

menning@frettabladid.is

## Nýja réttritunarbiblían

Réttritunarorðabók er mikil þarfapíng, ekki aðeins á borðum grunnskólanema og annarra sem eru að byrja að fóta sig á ritvelliðnum. Hjá forlaginu JPV kemur í dag út stafsetningarorðabók sem er yfirgripsmesta verk sinnar tegundar sem komið hefur út á íslensku.

Orðabók þessi er engin smásmíði, á riflega sjö hundruð síðum má finna 65.000 flettiorð en bókin geymir allan algengan íslenskan orðaforða og ríkulegan orðaforða úr helstu fræðigreinum, auk fjöldamargra manna- og örnefna. Aftast í bókinni má einnig finna ýtarlegar ritteglur íslenskunar þar sem reglurnar eru settar fram með aðgengilegum dæmum. Bókin er hin opinbera réttritunarorðabók um íslensku og kjörrit fyrir þá sem vilja fá úr því skorið, í næstum eitt skipti fyrir öll, hvernig hinur ýmsu kryddtegundir eru skrifðar eða hvort það eru tvö m í stemning.

Ari Páll Kristinsson, forstöðumaður Íslenskrar málstöðvar, er að vonum stoltur af verkinu en hann útskýrir að tildrog þess megi rekja allt til ársins 1989 þegar út kom réttritunarorðabók handa grunnskólum. Sú kunnuglega bók hefur reynst mörgum vel en líkt og Ari Páll bendir á kom sífellt betur og betur í ljós að samfélagið vantaði ýtarlegri bók og frekari leiðbeiningar, til dæmis varðandi beygingar og önnur vafaatriði í tungumálinu. „Öll háþróuð ritmál á borð við íslensku hafa komið sér niður á mjög ýtarlega ritstaðla og þessi bók er gefin út í stöðulunarskyni og byggð á gildandi ritteglum,“ segir Ari Páll en undirbúnungur bókarinnar komst síðan á fullt skrið fyrir fjórum árum. Ritstjóri hennar, Dóra Hafsteinsdóttir, kynnti sér til að mynda gagnavinnslu og ritstjórn dönsku réttritunarorðabókarinnar. Auk þess byggir Stafsetningarorðabókin einnig að stórum hluta á vinnu Baldurs Jónssonar, sem ritstýrði Réttitunarorðabókinni á sínum tíma og starfaði ötullega að því á árunum 1996-1999 að taka saman vinnureglur um íslenska stafsetningu fyrir íslenska málnefnd.

Stafsetningarorðabókin er eðli málssins samkvæmt fyrst og fremst hugsuð til leiðbeiningar um ritun en Ari Páll útskýrir að ákveðinn munur sé milli talmáls og ritmáls í íslensku líkt og öðrum tungumálum og það hafi þurfst að hafa í huga þegar orð voru valin í bókina. „Það á ekki allt heima í slíkri bók, til dæmis það sem tilheyrir málsmiðum talmálsins. Það er ákveðið vandaverk að velja og hafna en reynslan verður síðan að skera úr um hvernig til hefur tekist,“ segir Ari Páll.

Hann segir að bilið milli ritmáls og talmáls sé ávallt til staðar en talmálið sé sýnilegra nú en áður, einkum vegna skrifa í vef-



ARI PÁLL KRISTINSSON, FORSTÖÐUMAÐUR ÍSLENSKRAR MÁLSTÖÐVAR Stafsetningarorðabókin kemur út í dag en hún er opinber réttritunarorðabók um íslenska tungu.

miðum. Það sé þó ekki sérstakt áhyggjuefnir nema bilið þar að milli austur verulega. „Það gæti endað með því að fólk þyrfi að læra ritmálið eins og erlent mál. Það er práður frá nútímamáli aftur til fyrstu heimilda um íslenska tungu



65.000 UPPFLETTIORÐ AF ÖLLU TAGI  
Jafnframt má finna þar ýtarlegar íslenskars ritteglur settar fram á aðgengilegan hátt.

en sá þráður liggr fyrst og fremst í gegnum ritmálið,“ segir hann og bætir því við að litlar rannsóknir hafi verið gerðar á tengslum talsmáls og ritmáls hér-lendis enn sem komið er.

Annar vandi sem Stafsetningarorðabókin bætir úr er tengdur töku-orðum og stafsetningu þeirra. „Menn eru mishrifnir af því að skrifa tökuorð þótt þau séu mikil notuð í talmáli. Tökuorð eru umtalsverður hluti af ritmálsorðaforða en þessi bók leggur fram drjúgan skerf til að staðla rithátt þeirra,“ segir Ari Páll og bendir til dæmis á tökuorð sem tengjast tónlist, matargerð og vísindum.

Ari Páll segir að áform séu uppi um að koma orðabókinni á tölvutækum form með tíð og tíma en of snemmt sé að segja til um slíkt á þessu stigi málssins.

Tungumál eru lifandi tæki og líklega verður öllum spurningum um íslenskuna seint svarað, hvað þá á áttu hundruð síðum. Hins vegar sómir þetta rit sér vel við hlið lyklaborðs og mun án efa koma mörgum að góðum notum.

kristrun@frettabladid.is

### > Ekki missa af...

Vikmyndahátiðinni **Ice-land Film Festival** sem hefst á morgun. Úrval fróðlegra, fyrnda og frábærra kvíkmynda hvaðanæva úr heiminum. Hátíðin stendur til **21. september**.

sýningu **Hrafnhildar Halldórsdóttur, Jónu Hlífar Halldórsdóttur og Stinu Wirlfelt í Galleri +** á Akureyri. Þær stöllur sýna vídeóverk, ljósmyndir og innsetningar.

tónleikum organistans **Martins Rein í Dómkirkjunni** annað kvöld. Rein leikur verk eftir Bach, Reger, Vierne og Widor kl. 20.30.

# Fyrstu íslensku einsöngstónleikarnir í Salnum

Tenórsöngvarinn Gissur Páll Gissurarson heldur sína fyrstu einsöngstónleika hérlandsí í kvöld begar hann stígur á svíð Salarins í Kópavogi ásamt ítalska píanóleikaranum Matteo Falloni. Gissur Páll hefur dvalið við nám og störf á Ítalíu undanfarin ár en þeir félagar hafa unnið talsvert saman þar.

Á efnisskrá kvöldsins eru ítalskar og franskar óperuarfúr og serenöður eftir Mozart, Rossini, Donizetti, Massenet, Gounod, Leoncavallo, Mascagni og Cilea.

Frumraun Gissurar Páls á svíði var þegar hann fór með aðalhlutverkið í Oliver Twist, þá aðeins ellefu ára. Hann hóf nám við Söngskólanum í Reykjavík veturna.





FRÍÐUR FLOKKUR Á TRÖPPUM ÞJÓÐLEIKHÜSSINS Vetrarstarf hússins hófst formlega í gær.

FRÉTTABLADÍÐ/VILHELM

## Líflegur leikhúsvetur

Þjóðleikhúsið tjaldar öllu til í veturn en tíu verk verða frumsýnd á vegum þess, þar af þrjú ný íslensk verk. Fyrsta frumsýning haustsins verður í lok september begin leikgerð Illuga Jökulssonar á hinum geysivinsælu barnabókum Guðrúnar Helgadóttur, Sitji Guðs englar, Saman í hrинг og Sænginni yfir minni, fer á svíð. Leikstjóri er Sigurður Sigurjónsson en Pórarinn Eldjárn semur söngtexta.

Í febrúar verður frumsýndur nýr söngleikur á Stóra svíðinu eftir Hugleik Dagsson, sem hefur vakið athygli bæði innanlands sem utan fyrir óskammfeilnar og meinfyndnar myndasögur sínar. Leikstjóri Legs er Stefán Jónsson og leikmynd gerir Ilmur Stefánsdóttir en þau komu einnig að sýningu Hugleiks, Forðist okkur, sem sett var upp í Borgarleikhúsini á síðasta leikári.

Eftir áramót verður síðan nýtt verk eftir Ásdísí Thoroddsen frumsýnt á Smíðaverkstæðinu en verkið Amma djöfull er í leikstjórn Ágústu Skúladóttur.

Meðal annarra hápunktta vetrarins verður að öllum líkkindum frumsýning á einum þekktasta

harmleik grísku gullaldarinnar en Bakkynjurnar eftir Evripíðes verður jólaleikrit Þjóðleikhússins. Verkið hefur ekki verið sett upp hér á landi áður. Leikstjóri er Giorgos Zamboulakis en um dans og sviðshreyfingar sér Erna Ómarsdóttir.

Aðdáendur franska leikskálðsins Eric-Emmanuel Schmitt geta einnig kæst því síðasta frumsýning leikársins á Stóra svíðinu verður verkið Hjónabandsglæpir sem Edda Heiðrún Backmann leikstýrir en verk Schmitt, Abel Snorko býr einn og Gesturinn, hafa vakið stormandi lukku.

Frá fyrra leikári verða einnig teknar upp sýningar á Pétri Gaut eftir Henrik Ibsen sem sló eftirminnilega í gegn í Kassanum sem og brúðuljódaleikurinn Umbreyting eftir Bernd Ogorodnik. Á Smíðaverkstæðinu gefst leikhúsgestum tækifæri á að sjá aftur Eldhús eftir máli, verk Völu Þórssdóttur sem byggir á smásögum Svövu Jakobsdóttur og á Stóra svíðinu verður áfram sýndur Fagnaður Harolds Pinters.

Nánar verður fjallað um leikár atvinnuleikhúsanna síðar í vikunni.

# Stórdansleikur MILLJÓNAÐARÍNGANNA



Sérstakur  
heiðursgestur:  
**RAGGI BJARNA**

Í Súlnasal á Hótel Sögu 2. september

Hinn árlegi stórdansleikur Milljónamæringanna verður í Súlnasal á Hótel Sögu laugardaginn 2. september. Húsið opnar kl. 22. Miðaverð 2.000 kr. Miðasala í Súlnasal frá kl. 13 samdægurs. Upplýsingar í síma 525 9950.

Söngvarar eru: Bogomil Font, Páll Óskar, Bjarni Arason og Raggi Bjarna.

# Draugasaga fyrir börn

„Petta verður barna- og fjölskyldumynd sem frumsýnd verður um jólin 2007,“ segir Ari Kristinsson kvikmyndagerðamaður um nýjustu mynd sína sem ber nafnið Duggholufólkid en hann bæði leikstýrir og er handritshöfundur. Þessa dagana er Ari að auglýsa eftir börnum á aldrinum 11-13 ára en þír krakkar eru í aðalhlutverki í myndinni. „Við búumst við að verða búin með allt leikaraval um miðjan september og munum hefja tökur í nóvember.“ Ari ætlar að byrja á því að velja börn enda eru þau í aðalhlutverki í myndinni en svo eru líka fullorðna fólkid í myndinni verður valið eftir börnumunum. „Við verðum að velja foreldra eftir börnum,“ segir Ari en þessa dagana er hann staddur vestur á fjörum í leit að tökustöðum.

Eins og titill gefur til kynna er kvikmyndin um dularfulla hluti svo sem álfa og tröll. „Þetta er eins konar draugasaga með spennumyndaþvafi,“ segir Ari en vill ekki segja meira um innihald myndarinnar. Samkvæmt auglýsingunni þar sem auglýst er eftir krökkum eru söguhetjurnar tveir strákar og ein stelpa. Þeir barnamýndir sem ber hæst á kvikmyndaferli Ara eru myndirnar Pappirs Pési og Stikkfrí en hún er einmitt síðasta leikstjórnarverk hans á hvítatjaldinu.

-áp

## ARI KRISTINSSON

Kvikmyndagerðamaðurinn er að undirbúa nýja barna og fjölskyldumynd sem verður frumsýnd jólin 2007.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**fjörð**  
**fólk**  
folk@frettabladid.is

## Sutherland sigurvegari

**Bandaríski spennuþátturinn 24 var valinn besti dramaþátturinn auk þess sem Kiefer Sutherland fékk verðlaun fyrir besta leik í aðalhlutverki á Emmy-verðlaunaháttíðinni í Los Angeles í fyrrinótt.**

Petta voru fyrstu Emmy-verðlaun Sutherlands en hann hafði fjórum sinnum áður verið tilnefndur án þess að hljóta náð fyrir augum dómnenefndarinnar. „Stóku sinnum finnst manni eins og maður fái of mikið upp í hendurnar. Petta var ein af þeim stundum,“ sagði Sutherland, sem fer með hlutverk Jacks Bauer í þættinum. „Að leika í 24 hefur verið stórkostleg reynsla fyrir mig.“

**The Office fékk verðlaun**

Bandaríksa útgáfan af The Office var valin besti gamanþátturinn en aðalleikarinn Steve Carell var ekki valin besti leikarinn eins og margir höfðu spáð. Þess í stað var Tony Shaloub, sem leikur hinn undarlega Monk, verðlaunaður í þriðja sinn.

The Amazing Race var valin besti raunveruleikahátturinn og skáðað þar m.a. Project Runway og Survivor.

**„Íslensk“ mynd sigursæl**

Skoska leikkona Kelly Macdonald fékk verðlaun fyrir hlutverk sitt í bresku sjónvarpsmyndinni The Girl in the Café, sem var að hluta til teknar upp hér á landi á síðasta ári. Handritshöfundur myndarinnar, Richard

Curtis, fékk jafnfram Emmy-verðlaun. Hann er bekktastur fyrir handritin að Bridget Jones-myndunum, Love Actually, Four Weddings and a Funeral og sjónvarpsþáttunum um Mr. Bean og Blackadder.

**Seinfeld-bölvun aflétt**

Mariska Hargitay var valin besta dramaleikkona fyrir hlutverk sitt í Law & Order: Special Victims Unit og Julia Louis-Dreyfus fékk Emmy sem besta gamanleikkona fyrir frammistöðu sína í The New Adventures of Old Christine. Louis-Dreyfus, sem á sínum tíma lék í hinum vinsælu þáttum Seinfeld, fagnaði því að ekki hvíldi lengur bölvun á þeim leikurum úr þáttunum sem hafa reynt að hasla sér völl í nýrri þáttaröð.

**Spelling minnst**

Sjónvarpsframleiðandans Aarons Spelling, sem meðal annars bjó til Beverly Hills 90210, var minnst á háttíðinni en hann lést í júní. Athygli vakti að hvorki Lost, Grey's Anatomy né Desperate Housewives fengu Emmy-verðlaun í þetta skipti. ■



**KIEFER SUTHERLAND** Sutherland var að vonum hæstnægður með sín fyrstu Emmy-verðlaun.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Hefðbundið kjólaflóð

Eins og venjulega skartaði fræga fólkid sínu fegursta á Emmy-verðlaunaháttíðinni 2006. Þar voru mörg fræg andlit komin saman í eins konar uppskeru hátið sjónvarpsins og kepptust um að láta ljós sín skína á rauða dreglinum. Engar sérstakar nýjungrar voru í kjólatískunni þetta árið og voru flestir kjólarlnir dragsíðir og hefðbundir. Sumar leikkonur gerðust svo djarfar að vera í stuttum kjólum enda átti það vel við í hitanum og sólinni í Kaliforníu. Síðir slóðar, slaufur og rósir voru áberandi aukahlutir á kjólum. Litirnir voru hefðbundir, hvítir, svartir og rauður báru hæst ásamt nokkrum gulllitoðum og fjólubláum. Hér höfum við brot af bestu kjólum af rauða dreglinum á Emmy-verðlaunaháttíðinni 2006.

-áp

**AÐPRENGD EVA**

Eva Longoria úr þáttunum „Desperate Housewives“ var svakalega flott að vanda í hvítum kjól með linda í mittið.



**HARÐORDI DÓMARINN** Simon Cowell, yfirðomari Idol-keppninnar, var mættur til leiks ásamt eiginkonu sinni Terri Seymour. Hann var flottur í jakkafötum án bindis og Terri var í rauðum stuttum partykjól sem hún bar afbragðsvi.



**YFIRFYRISÆTAN** Tyra Banks var að sjálfsögðu mætt á rauða dreglinn með pósurnar á hreinu í síðum svörtum kjól með kvenlegu sniði.

**BESTA LEIKKONA**  
Breska leikkona Helen Mirren vann til verðlauna fyrir sjónvarpsmyndina Elizabeth I. Hún skattaði fallegum hvítum kjól með silfurlitaða tösku.



**VERÐLAUNAHAFI** Leikkona Mariska Hargitay er landsmönnum vel kunn úr sjónvarpsþáttunum „Law and Order“ og vann hún verðlaun sem besta leikkona í dramaþætti.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES



Skilti  
Límmiðar  
Útifánar  
Borðafánar  
Gluggamerkingar  
Seglborðar  
Plastkort  
Bílamerkingar

# Fáklæddir í náttúru Íslands

Einn frægasti auglýsingaleikstjóri heims, Ivan Zacharias, er á leiðinni til landsins til að taka upp heldur sérstæða auglýsingu fyrir nýja línu af húðvörum en hann leitar nú að fjögur hundruð aukaleikurum sem eru tilbúnir að vera heldur fáklæddir úti í náttúru Íslands og verður fjórðungur þeirra alveg nakinn.

Zacharias hefur leikstýrt auglýsingum fyrir fyrirtæki á borð við Levi's og Sony Ericson en bekktastur er hann sennilega fyrir auglýsinguna um tvö litla gutta sem velja sér draumalið fyrir íþróttamerkið Adidas. Tökur fara fram dagana 7. til 9. september og verður „þáttak-



SARA GUÐMUNDSDÓTTIR  
Leitar að fólk í auglýsingu.

endum“ smalað upp í rútu og síðan haldið úti óvissuna. Zacharias starfar hjá kvíkmyndafyrirtækinu Smuggler en íslenski ljósmyndarinn Eiður Snorri er einnig á málá hjá fyrirtækinu. Auglýsingin verður í anda ljósmynda eftir listamaninn Spencer Tunick sem vakið hafa mikla athygli en þar safnar hann saman stórum hópi af nöktu fólk og tekur af því „víð“ skot.

„Það er rétt, við leitum að fjögur hundruð aukaleikurum, þar af hundræð einstaklingum sem eru tilbúnir að fara úr

öllum fótunum úti í guðsgrænni náttúrunni,“ segir Sara Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Reykjavík Casting, sem sér um að finna bessa hjörð fyrir True North en fyrirtækið sér um framleiðslu auglýsingarinnar hér á landi. „Þrjú hundruð burfa að vera á lendar-skýlum en hinir algjörlega allsberir,“ áréttar Sara en tekur hins vegar fram að engar nærmyn dir verði teknar af aukaleikurunum. „Þeir sem verða algjörlega naktir fá að sjálfsögðu meira greitt fyrir,“ bætir hún við og telur þetta upplagt tækifæri fyrir félagasamtök sem standi í fjárlöfun. „Við viljum fá fólk á öllum aldri, af öllum stærðum og gerðum og litarhafti,“ útskýrir Sara og bendir á að ef ein-



SPENCER TUNICK Tekur við skot af nöktu fólk og hér er hann í belgísku borginni Brugge að leikstýra mannhafinu.

hverjum takist að safna saman tuttugu manna hóp geti viðkomandi orðið sér úti um rúmlega hálf a milljón. „Við höfum sent boð til

nemendafélaganna í Háskóla Íslands og ætti við herjum ekki líka á félög eldri borgara,“ segir Sara og hlær.

# SÖGNÁMSKEIÐ

María Björk  
Skólastjóri/Kennari

Regína Ósk  
Yfirkennari/Kennari

Þóra  
Söngkona/Kennari

Hera Björk  
Söngkona/Kennari

Jónsi  
Söngvari/Kennari

Friðrik Ómar  
Söngvari/Kennari

Sessý  
Söngkona/Kennari

Sara Dís  
Söngkona/Kennari

Véðis Hervör  
Söngkona/Kennari

## HAUSTÖNNIN ER AÐ HEFJAST

Á haustönn verður boðið upp á:

**5 ára og eldri:** Byrjenda- og framhaldsnámskeið

**Unglingar:** Byrjenda- og framhaldsnámskeið

**Fullorðnir:** Byrjenda- og framhaldsnámskeið.

**2 FRÁBÆRIR**  
Leynigestakennrar

Aldursskiptir hópar. Haldnir verða tónleikar á námskeiðinu og nemendur fá upptöku með söng sínum á geisladiski í lok námskeiðs.

Markmið söngkennslunnar er að þjálfa nemendur í túlkun, raddbeitingu, sjálfssþyrkingu og framkomu. Skólinn leitast við að veita nemendum sínum tækifæri til að koma fram opinberlega, svo sem við hljóðritanir, framkomur í sjónvarpi og á öðrum vettvangi. Skólinn leitast við að hafa sérþjálfað starfslið sem eru atvinnumenn hver á sínu svíði.

**Söngskólinn er í leit að hæfileikaríku fólki**

Erum að velja börn úr Söngskólanum í verkefni sem verður unnið í samstarfi við stóra aðila í tónlistarbransanum sem kemur út fyrir jölin.

**NÝTT!**  
Núna bjóðum við einnig upp á forskóla fyrir 3-5 ára krakka.

**Söngskóli**  
MARÍU BJARKAR

Skráning og upplýsingar:  
Sími: 588 1111, 575 1512 & 897 7922  
E-mail: aria@islandia.is

Fákafni 11 • www.poppskolinn.is • Sími 588 1111



settu merking hátt  
sími 551 0275



# Nýtt í bíó



SMÁRA BÍÓ SIMI 564 0000

GRETTIR 2 ISL TAL kl. 4 og 6  
GRETTIR 2 ENSKT TAL kl. 4, 6, 8 og 10  
TAKK FYRIR AD REYKJA kl. 5.50, 8 og 10.10 B.I. 7 ÁRA  
SÝND I LÚXUS kl. 8 og 10.10  
MIAMI VICE kl. 8 og 10.50 B.I. 16 ÁRA  
THE SENTINEL kl. 8 og 10.20 B.I. 14 ÁRA  
ÁSTRÍKUR OG VÍKINGARNIR ISL TAL kl. 4  
OVER THE HEDGE ISL TAL kl. 4 og 6

**TAKK FYRIR AD REYKJA**

THANK YOU FOR SMOKING  
Ein umtalaðasta mynd seinni ára með úrvall frábærra leikara!

Kolsvört gamann mynd sem sló í gegn á Toronto hátiðinni 2005 og Sundance hátiðinni 2006 "Stórkemmtilegur gláðingur! Klárlega þess virði að mæta með." Kvíkmyndir.is

REGNBOGINN SIMI 551 9000

TAKK FYRIR AD REYKJA kl. 5.50, 8 og 10.10 B.I. 7 ÁRA  
GRETTIR 2 ISL TAL kl. 6 og 8  
SNAKES ON A PLANE kl. 8 og 10.20  
A PRAIRIE HOME COMPANION kl. 5.45, 8 og 10.15  
ÁSTRÍKUR OG VÍKINGARNIR ISL TAL kl. 6  
SILENT HILL kl. 10 B.I. 16 ÁRA

RETTARHÍD SIMI 462 3500

YOU, ME & DUPREE kl. 8 og 10.10  
GRETTIR 2 ISL TAL kl. 6  
GRETTIR 2 ENSKT TAL kl. 6 og 8  
SNAKES ON A PLANE kl. 10 B.I. 16

400 kr. í bíó!  
Gildi 4. til 10. september  
Regnbogumarkar með rausi

U.S. DOLBY THX DTS B.I. BÍÓ.IS – allt á einum stað



LAUGARAS BÍÓ - bara lúxus

OWEN WILSON KEVIN HUDSON HETIE DILLON MICHAEL DOUGLAS GEGGJUD GRÍNMYND kl. 6 ISL TAL

You, Me and Dupree Owen Wilson úr Wedding Crashers fer á kostum í fyrndasta grísmell ársins Sýnd kl. 6, 8 og 10.15 kl. 6 ISL TAL

MIAMI VICE kl. 10 b.I. 16 Sýnd kl. 8 kl. 6 ISL TAL

SNAKES ON A PLANE BANETRAÐUR SPENNUTRYLLIR SÍK SICK IT Sýnd kl. 8 kl. 6 ISL TAL

www.laugarasbio.is

## Gerir sjónvarpsþætti

Athafnakonan Victoria Beckham ætlar nú að fara inn á ný mið í skemmtanabransanum en hún ætlar að vera kynnir í nýjum bandarískum sjónvarpsþætti. Þátturinn mun fjalla á einhværn hátt um tísuk og samkvæmt blaðinu Daily Mirror mun hann vera á létu nótunum þar sem frú Beckham þykir svo skemmtileg. Victoria er mest þekkt fyrir að hafa verið í stúknasveitinni vin-sælu Spice Girls og vera eigin-kona fótbaltaðetjunnar Davids Beckham. Hún er daglegur gestur á síðum slúðurblaða í Evrópu en vestanhafs er hún alveg óþekkt. Það verður því forvitni-legt að sjá hvort henni tekst að slá í gegn hjá bandarískum áhorfendum. ■



FRÚ BECKHAM Mun vera kynnir í bandarískum sjónvarpsþætti um tísuk en hún er eiginlega óþekkt vestanhafs. FRÉTTABLAÐIB/GETTYIMAGES

TVÖFALT FYNDNARI! TVÖFALT BETRI!

**GRETTIR 2**

SENDU SMS JA GBF  
Á NÚMERID 1900  
ÞÚ GÆTIR UNNID!  
VINNERGAR ERU DVD SPILARI,  
BÍOMÍÐAR FYRIR TWO, DVD  
MYNDIR, VARNINGUR TENGÐUR  
MYNDINNI OG MARGT FLEIRA

9. HVER VINNER!

VINNERGAR VERDA AF HENDUR HJÁ BT SMÁRALIND. KÓPAVOGUL MED PVÍ AD TAKA PÁTT ERTU KOMUNI Í SMS KLÚBB. 99 KR/SKEYTI.

BÍÓJS

FRUMSÝND 25. ÁGÚST UM LAND ALLT MED ÍSLENSKU OG ENSKU TALI

## Óður til skynseminnar

### [KVÍKMYNDIR]

#### UMFJÖLLUN

Tóbaksframleiðendur eru af mörgum taldir drýslar í mannsmynd vegna afurða sinna og ekki síst fyrir að neita að viðurkenna skaðsemi tóbaks.

Thank You for Smoking byggir á samnefndri skálsgötu Christopher Buckley. Hér segir frá Nick Naylor (Eckhart), spunameistara og „lobbiðista“ tóbaksframleiðanda. Starf hans felst í að gera lítið úr fréttum sem gætu skaðað hagsmuni vinnuveitenda hans og ekki síst snúa vörn í sókn, því tóbakið á í vök að verjast. Einu vinir hans eru talsmenn skotvopna- og áfengisframleiðanda (Bliss og Bello), en þríeykið hittist einu sinni í viku og ber saman bækur sínar. Þess á milli einbeitir Naylor sér að uppledji sonar síns, sem fyrirverður sig fyrir starf föður síns sem „sölu-máður dauðans“. Ofan á allt bæst fjöldinn allur af óvildarmönnum, bar á medál á þingi.

Thank You for Smoking er hárfinn hásádeila sem fjallar um langtum meira en tóbaksaðnaðinn og tekur í sjálfu sér ekki afstöðu til reykinga (í myndinni sést til dæmis aldrei logandi sígaretta). Áhorfendur um treyst til að gera það sjálfir út frá skynsemi sinni, sem er einmitt boðskapur Thank You for Smoking.

Myndin dregur fráleitt upp fallega mynd af tóbaksaðinum, sem er dreginn sundur og saman í háði, sem og þeir andstæðingar tóbaksrisanna sem eru rekni áfram af grunnhyggari sjónar miðum en lýðheilsu.

Petta er fyrsta mynd leikstjórans Jasons Reitman, sonar Ivans Reitman, í fullri lengd og með frumraun sinni sannar hann svo ekki verður um villst að hér er föðurbetrungur á ferð. Uppbygg-tingin er er öll til sóma og skemmtilegar klippningar og frystir rammar auka á áhrifin. Aron Eckhart er í banastuði í hlutverki Naylor; hæfi-



TAKK FYRIR AD REYKJA (THANK YOU FOR SMOKING)

LEIKSTJÓRI: JASON REITMAN

Áðahlutverk: Aron Eckhart, Maria Bello, David Koechner, Rob Lowe, Katie Holmes, William H. Macy og Robert Duvall.

Niðurstaða: Frumraun Jasons Reitman er hárbeitt og bráðfyndin hásádeila sem hittir beint í mark.

lega „slísi“ og óskammfeilinn en um leið sjærmerandi. Samtölun eru vel skrifuð, persónurnar vel heppnadar og leiknar.

Hárbeitt og bráðfyndin ádeilan hittir beint í mark og ætti að skilja áhorfandann eftir hugsi. Það er gott

Bergsteinn Sigurðsson



### Kennsla hefst 11 september

Upplýsingar í síma 5615620 frá kl 12-17  
www.schballett.is

Ballettskóli  
Edu Scheving  
Safnáðarheimili Háteigskirkju  
Felað íslenskra listamára

NÝTT Í BÍÓ

TAKK FYRIR AD REYKJA!

Sendu SMS skeytíð JA TRF á númerið 1900 og bú gætir unnið miða fyrir two. Vinningar eru bíomíðar fyrir two, DVD myndir og margt fleira

8 hver vinner!

Vinnungar verða afhendingar BT Smáralind. Kopavogur. Með hvíl að taka hátt eru komum í SMS Klúbb. 99 kr/skeyti.

**ÁLFABAKKA**

YOU, ME AND DUPREE	KL. 3:30-5:45-8-10:20	LEYFD
YOU, ME AND DUPREE VIP	KL. 3:30-5:45-8-10:20	
LADY IN THE WATER	KL. 5:45-8-10:20	B.I. 12
5 CHILDREN & IT	KL. 4-6	LEYFD
PIRATES OF THE CARIBBEAN 2	KL. 5-7-8-10	B.I. 12
THE LONG WEEKEND	KL. 8	B.I. 14
OVER THE HEDGE ísl. tal	KL. 3:45	LEYFD
OVER THE HEDGE enskt. tal	KL. 10:10	LEYFD
BÍLAR ísl. tal	KL. 3:45	LEYFD

**KRINGLUNNI**

*LADY IN THE WATER	KL. 6-8:10-10:30	B.I. 12
5 CHILDREN & IT	KL. 6	LEYFD
MIAMI VICE	KL. 8-10:45	B.I. 16
*PIRATES OF THE CARIBBEAN 2	KL. 8-10:45	B.I. 12
*OVER THE HEDGE ísl. tal	KL. 6	LEYFD
*SÝNDAR Í STAÐRANNI ÚTGÁFU. MYND OG HIJÓD		

**KEFLAVÍK**

SNAKES ON A PLANE	KL. 8-10:10	B.I. 16
THE SENTINEL	KL. 8	B.I. 14
HALF LIGHT	KL. 10:10	B.I. 16

**AKUREYRI**

5 CHILDREN & IT	KL. 6	LEYFD
LADY IN THE WATER	KL. 8-10:20	B.I. 12
PIRATES OF THE CARIBBEAN 2	KL. 6-9	B.I. 12

**HÁSKÓLABÍÓ S:** 530-1919



JUSTIN TIMBERLAKE Segist ekki þekkja fyrverandi kærstuðu sína Britney Spears lengur og vill láta fjöldið vita af öllum smáatriðum varðandi samband þeirra.

FRETTABLAÐIÐ/REUTERS

## Pekkir ekki Britney

Söngvarinn Justin Timberlake segist ekki þekkja fyrverandi kærstuðu sína Britney Spears lengur. „Britney var stór hluti af lífi mínu en mér finnst ég ekki þekkja hana lengur. Hún hefur breyst mikil síðan við vorum saman,“ segir Justin en fyrverandi kærustuparið sleit samvistum árið 2002. Justin segir einnig að ef hann myndi skrifa um hana myndi hann eiga í erfiðleikum með að láta ekki uppi einhverjar óþægilegar staðreyndir um popprinsessuna. „Mig langar alveg að leyfa lesendum að fá að vita allt um okkar samband og þar sem ég og Britney tölum ekki við lengur ber ég engar skyldur um þagmælku gagnvart henni.“



BRITNEY SPEARS  
Er víst orðin breytt manneskjá í dag ef marka má orð sykurpopparans Justin Timberlake.



GAMLIR SKÓLAFÉLAGAR Hemmi Gunnar hitti fyrir þau Vilhjálm Vilhjálmsson borgarstjóra og Guðrún Kristjánsdóttur. Hemmi og Vilhjálmur eru gamli skólafélagar úr Verzli og náðu því vel saman.



EIRÍKUR FJALAR Hinn eini sannir Eiríkur Fjalar tróð upp í partið eftir langan dvala og fór vitaskuld á kostum.



Í GÓÐU STUDÍ Halli Gísla, Gulli Helga, Magga, Jón Óttarr og Bjarni Ara voru í góðu stuði í partið á Nasa.



FÉLAGAR Jóhannes Kristjánsson, Þorgeir Ástvaldsson, Páll Magnússon og Snorri Már Skúlason skemmtu sér vel á Nasa.

## Fær hlutverk í CSI

Eiginmaður Britney Spears, söngvarinn Kevin Federline, er að fara að þreyta frumraun sína í leiklistinni. Hann mun koma fram í þáttunum CSI: Crime Scene Investigation og er það í fyrsta sinn sem hann fær hlutverk þar sem hann fær að segja eittkvæða.



Hann mun leika hrokafullan unglung sem truflarannsóknar-mennina Nick Stokes og Warrick Brown við vinnu sína. Nú er spurning hvort ferill Federlines fari loks á flug.

**www.sturta.is**  
